



# Áhrif COVID-19 á íslenskan tónlistariðnað

Júní 2020

## Efnisyfirlit

Samantekt .....	5
Inngangur.....	6
Áhrif COVID-19 á íslenskt tónlistarlíf.....	9
Tónlistarfólk .....	9
Samsett vinna.....	10
Stórt högg fyrir verkefni í útflutningi.....	13
Höfundarréttar- og flytjendagjöld .....	17
Lifandi tónlistarflutningur.....	19
Tónleikastaðir og tónlistarhús .....	20
Tónlistarhátíðir .....	26
Tónleikahaldarar.....	28
Tækjaleigur og sjálfstætt starfandi tæknifólk .....	30
Tónlistartengd fyrirtæki og uppbygging iðnaðar.....	31
Hljómplötuverslanir .....	32
Hljóðver.....	33
Fyrirtæki í umsýslu .....	34
Áhrif COVID-19 á uppbyggingu tónlistariðnaðar.....	35
Viðbrögð hérlendis.....	38
Tillögur.....	39
Neyðaraðstoð .....	42
Atvinnuleysis- og hlutabætur.....	42
Samsett vinna.....	42
Sjálfstætt starfandi.....	42
Úrræði vegna tekjumissis .....	43
Bætur vegna fastra útgjalda .....	43
Töpuð höfundarréttargjöld.....	44
Stuðningur við tónleikahald innanlands.....	45
Tónleikastaðir.....	45
Tónlistarhátíðir .....	47
Styðjandi aðgerðir .....	48

Rekstrarráðgjöf og stuðningur við nýsköpun.....	48
Endurskoðun sjóða og listamannalauna.....	48
Kynningarátök Íslandsstofu og Reykjavíkurborgar.....	54
Stuðningur við markaðsverkefni.....	55
Áframhald Record in Iceland .....	55
Markaðsátak fyrir plötuverslanir og tónleikastaði.....	56
Aðgerðir innviða .....	56
Aukin samvinna í íslenskum tónlistariðnaði.....	56
Fræðsla fyrir tónlistarfólk og fyrirtæki.....	58
Lokaorð.....	60

Ritstjórar skýrslunnar eru þær María Rut Reynisdóttir og Bryndís Jónatansdóttir en að skýrslunni standa:

- Félag íslenskra hljómlistarmanna
- Félag hljómplötuframleiðenda
- Samtök flytjenda og hljómplötuframleiðenda
- STEF
- Tónlistarborgin Reykjavík
- Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar

Uppsetning og útlit skýrslu: Hervé Latchoumaya og Martin F. Blondé.

Ljósmynd á forsíðu: Of Monsters and Men, tekin af Ásgeiri Helga fyrir Iceland Airwaves

The logo for Útón, featuring the word "Útón" in a stylized font. The "Ú" is blue and the "tón" is black.The logo for Tónlistarborgin Reykjavík, featuring a colorful soundwave graphic above the text "TÓNLISTARBORGIN REYKJAVÍK".The logo for STEF, featuring a stylized bird or leaf icon above the text "STEF".The logo for SÍH, featuring the letters "SÍH" in a stylized font on a musical staff.The logo for EÍH, featuring the letters "EÍH" in a stylized font inside a laurel wreath.The logo for FHF, featuring the letters "FHF" in a stylized font next to the text "FÉLAG HLJÓMPLÖTU FRAMLEIÐENDA".



## Samantekt

Tilgangurinn með þessari skýrslu er að greina áhrif COVID-19 á íslenskan tónlistariðnað og móta tillögur að mótvægisáðgerðum til viðbótar við þær áðgerðir stjórnvalda sem þegar hefur verið ráðist í. Aðilar að skýrslunni eru Félag íslenskra hljómlistarmanna, Félag íslenskra hljómplötuframleiðenda, Samtök flytjenda- og hljómplötuframleiðenda, STEF, Tónlistarborgin Reykjavík og Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar. Skýrslan var unnin í apríl, maí og júní árið 2020.

# ÁSKORANIR

## TÖNLISTARFÖLK

- Fjöldi tónlistarfólks starfar bæði sem launþegar og verktakar en slík samsett vinna getur einungis að hluta til verið nýtt í hlutabótleið stjórnvalda.
- Einyrkjar á eigin kennitölu geta ekki nýtt sér hlutabótleiðina.
- Tónlistarfólk er oft með sveiflukenndar tekjur og reiknar sér endurgjald einu sinni á ári sem hefur í för með sér synjun um bætur frá Vinnu-málastofnun vegna vanskila á álagningu.
- Verkefna- og launasjóðir ná eingöngu til hluta tónlistarfólks. Tónlistarsjóður styður fyrst og fremst við innlend verkefni og reynslan sýnir að fólk sem er komið aðeins áleiðis á sínum ferli gengur illa að fá veitt úr sjóðnum.
- Stór verkefni í útflutningi tónlistar fá ekki óafturkræfan kostnað vegna aflýstra eða frestaðra tónleikaferðalaga bættan en þó er höggið af ferðabanninu mest fyrir verkefni sem stóla á erlenda markaði og tónleikaferðir erlendis.
- Færri tækifæri eru í boði fyrir lífandi tónlistarflutning erlendis og mikil samkeppni, það hefur leitt til þess að lægri greiðslur eru í boði fyrir lífandi tónlistarflutning í kjölfar COVID-19. Úllit er fyrir að staðan erlendis muni haldast erfið þar til 2021 í fyrsta lagi.

## LIFANDI TÖNLISTARFLUTNINGUR

- Hér á landi njóta tónleikastaðir ekki opinbers stuðnings þrátt fyrir að vera ein af grundvallarstöðum íslensks tónlistarlífs. Rekstur tónleikastaða er alla jafna viðkvæmur, sér í lagi á svona litlum markaði, þannig að höggið af COVID-19 var þeim einstaklega þungbært.
- Mörgum tónlistarhátíðum var aflýst eða frestað vegna COVID-19 sem býðir færri tækifæri fyrir tónlistarfólk að koma fram. Einnig er hættu á að hátíðum hér á landi tækki fái þær ekki aðstoð við að komast yfir erfiðasta hjallann. Fyrir hátíð eins og Iceland Airwaves sem að óbreyttu fer fram í haust eru rekstrarforsendur verulega breytar vegna fækkunar erlendra gesta.
- Rekstrargrundvöllur tónleikahaldara, tækjaleiga og sjálfstætt starfandi tæknifólks hvarf á einni nóttu. Þessir aðilar eiga þó ekki rétt á lokunarstyrk þrátt fyrir að falla undir öll skilyrði lokunarstyrkja að undanskilinni formlegri lokun vegna sóttvarnareglna.
- Líkt og tónlistarfólk eru sjálfstætt starfandi einstaklingar innan tónlistariðnaðarinnar í mörgum tilfellum með sveiflukenndar tekjur og reikna sér endurgjald einu sinni á ári. Þar að auki er samsett vinna einnig algeng. Þetta hefur áhrif á umsókn þeirra um atvinnuleysisbætur og takmarkar þau úrræði sem eru í boði fyrir þessa aðila.

## TÖNLISTARTENGD FYRIRTÆKI

- Mikill samdráttur í tekjum í kjölfar samkomu- og ferðabanns og fjárstreymisvandi hefur áhrif á aðfangakeðjuna. Mörg fyrirtæki í tónlist falla ekki undir lokunarstyrki og önnur neyðaraðstoð vegna tekjufalls hefur ekki verið í boði.
- Í kjölfar tilslakana á samkomubanni og opnun landamæra Íslands og einnig vegna þess hversu vel hefur tekist til að ráða niðurlögum COVID-19 hér á landi gefast nú tækifæri til að markaðssetja sérkenni Íslands í tónlist, m.a. hljómplötuverslanir, tónlistarhátíðir og Ísland sem upptökuland. Mikilvægt er að nýta þau tækifæri.
- Mjukið um aflýstar bókanir og óvissa með framhald á tónleikahaldi á Íslandi en ekki síður erlendis. Lægri verð í boði fyrir lífandi tónlistarflutning en fyrir samkomubann. Skilar sér í lægri tekjum til umboðs- og bókunarfyrirtækja.
- Tónlistariðnaðurinn á Íslandi er í hraðri þróun en þó skammt á veg kominn. Fyrirtæki í umsýslu tónlistarverkefna eru fá og takmarkaður stuðningur er í boði fyrir þau. Óflugt stuðningsumhverfi fyrir þessa gerð af fyrirtækjum er grundvöllurinn fyrir að hægt sé að byggja upp þróaðan tónlistariðnað á Íslandi.

## Tillögur að mótvægisáðgerðum

Til grundvallar tillögum liggja áskoranir og þær áðgerðir sem stjórnvöld hafa þegar ráðist í. Jafnframt var litið til annarra landa til að skoða hvaða áðgerðir þar hafa skilað árangri.

# AÐGÆRÐIR

## NEYÐARADSTOD

Opinber aðstoð vegna þeirra COVID-19



- Taka þarf betra tillit til samsettrar vinnu í lögum um atvinnuleysisbætur og hlutbætur.
- Sjálfstætt starfandi á eigin kennitölu þurfa að geta haldið áfram rekstri þeirri fyrir að hlutbótalögin eða atvinnuleysisbætur séu nýttar.
- Gera þarf aðilum innan tónlistaröndunarinnar sem ekki áttu kost á lokunarsýrkleifi að sækja um bætur fyrir rekstrarkostnaði og öðrum óforþræfum kosnaði. Þetta ætti við um tónlistarfólk og fyrirtæki á borð við tækjalagur, tónleikahaldara, tónlistarhöfði og umboðsfyrirtæki.
- Bæta top tónhöfundum á höfundaréttargjöldum frá STEFi vegna afvísra tónleika og lækkun á tækjum vegna bakgrunnstónlistar sem er afleiðing þess að verðslanir og þjónustugjöld lokuðu. STEF getur séð um útreikning á umfangi á tapi höfundaréttargjalda og þann útreikning geta meðlimir STEFs notað til að sækja um bætur. Sambærileggar aðgerðir þyrftu að vera í boði fyrir flytjendur og framleiðendur tónlistar sem einnig verða fyrir tækiskenningu vegna bakgrunnstónlistar. Þar getur SFH, sem sér um að rúka þau gjöld, séð um útreikning á tapi í samstarfi við sjórnvöld.
- Setja þarf á fó veglegan stuðningspokka til handa aðilum sem sinna lífandi tónlistarflutningi, þar á meðal tónleikastaði, tónleikahaldara, tónlistarháttir og tónleikabókara.
- Lækka þarf fasteignagjöld tímabundni fyrir tónleikastaði í eigin húsnæði og veita leigusúðning til tónleikastaða í leiguhúsnæði.

## STYDJANDI AÐGERÐIR

Aðkallandi aðgerðir til að styrkja tónlistaröndunina á viðkvæmum tímum. Samspil hins opinbera og aðila innan tónlistaröndunarinnar



- Aðkallandi aðgerðir til að styrkja tónlistaröndunina á viðkvæmum tímum. Samspil hins opinbera og aðila innan tónlistaröndunarinnar
- Setja á fó síð sem lítil fyrirtæki geta sótt um í fyrir tímabundinni rekstrarröðgjöf til að vinna gegn áhrifum ástandans á markaði og virðiskeðju fyrirtækjanna.
- Fjárhagslegur stuðningur við verkfæri sem styðja við framkvæmdastarfsemi og nýsköpun innan tónlistaröndunarinnar, til dæmis tónlistarháttalinn Firestarter.
- Endurskoða þarf síði og listamannalaun bæði hvað varðar upphæðir og úthlunarræglur svo að þau endurspeglu tónlistaröndunina sem atvinnugrein með mikla vaxtar- og málþróun.
- Tryggja þarf aðkomu tónlistarönduðra að nýjum hæfðum á vegum Íslandsstofu annarsvegar og Reykjavíkurborgar hinsvegar.
- Tryggja áframhaldandi fjármögnun á verkefnum Record in Iceland og skoða endurgreiðsluáhrif falli vegna hljóðritunarkostnaðra sem fellur til á Íslandi ásamt því að endurskoða skilyrði fyrir endurgreiðslum.
- Vinna markvisst að því að markaðssefja sérkenni Íslands þegar kemur að tónlist, m.a. hljómplötuverðslanir, tónlistarháttir og Ísland sem uppþökuland.

## AÐGERÐIR INNVIÐA

Aðgerðir á ábyrgð tónlistaröndunarinnar sjálfs



- Vinna að stofnun fornlegs banddagg íslenskra tónleikahaldara og skoða álitka samstarf tónleikastaða.
- Formgera betur samstarf á milli tónlistarfréttis- og samtaka og vinna að stofnun heildarsamtaka í íslenskum tónlistaröndunni.
- Skerpa á hlutverki misunnandi stofnana og samtaka innan tónlistar þegar kemur að röðgjöf, stuðningi og fræðslu á landsvísu.
- Auka fræðslu með dhröslu á fjármál og rekstur fyrir tónlistarfólk og rekstraraðila innan tónlistarönduðra.
- Þjóða upp á vinnustofu í erlendra markaðssemiingu fyrir íslenskar tónlistarháttir.

Mælt er með því að lítið sé til Danmerkur þar sem þútt sé til sérstakur bótopaki fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga, þar með talið listadólk. Í þeirri leið geta aðilar, að upplýttum lögmarkskilyrðum, fengið tímabundnar bætur sem hlutfall af tekjutapi.

Mælt er með því að lítið sé til Þýskalands, þar sem 150m EUR er varið í stuðning við þessa aðila og til Hamborgar, þar sem 25m EUR er veitt í neyðaradstoð til menningargæstofnanna.

Mælt er með að líta til Finnlands þar sem seður voru 700m EUR í viðskiptaþróunaraðstoð fyrir lítil og meðalstær fyrirtæki vegna dhröslu COVID-19.

## Inngangur

Á undanförnum tveimur mánuðum hefur heimurinn umturnast. COVID-19 hefur haft gríðarleg áhrif á allt okkar líf - atvinnu, samskipti og frítíma. Fyrir flestar atvinnugreinar hafa efnahagsleg áhrif COVID-19 verið neikvæð en á sama tíma hefur mörgum tekist að bregðast við af frumleika og með nýsköpun að leiðarljósi. Tónlistin sem og aðrar listgreinar hafa ekki farið varhluta af þessum breytingum og það fólk sem hefur atvinnu af að skapa og koma listinni sem við njótum á framfæri hefur verið í frjálsum falli hvað atvinnu og tekjur varðar. Nær algert hrun hefur orðið í lífandi tónlistarflutningi, yfir 500 stórum tónlistarhátíðum hefur verið aflýst út um allan heim og áhrifin eru mikil á alla anga tónlistariðnaðarins. Á sama tíma hefur listafólk keppt við að stytta fólki stundir og á þessum erfiðu tímum hafa listir og menning sýnt og sannað að þær sameina fólk, lyfta andanum og veita okkur innblástur. Flestallir listamennirnir fengu ekki greitt fyrir sína vinnu á þessum tíma, hvort sem það var að syngja fyrir utan hjúkrunarheimili eða að streyma tónlist frá heimilum sínum. Í kjölfar samkomubannsins lokuðu mörg fyrirtæki skrifstofum sínum og buðu starfsfólki sínu að vinna heima. Alþjóðlegar rannsóknir hafa sýnt að með aukinni vinnu heiman frá hefur fólk 15% meiri tíma til að nota í skemmtun. Útvarpshlustun, sjónvarpsáhorf og streymi á myndefni hefur aukist á þessu tímabili en hinsvegar hefur streymi á tónlist dregist saman á mörgum stöðum.<sup>1</sup>

*„We do not treat arts, music or culture as essential. But their output as commodities is proving essential.”<sup>2</sup>*

*Music Cities Resilience Handbook, 2020*

Íslensk tónlist hefur getið sér gott orð um allan heim síðustu áratugi. Tónlistarfólk á borð við Hildi Guðnadóttur, Björk, Sigur Rós, Of Monsters and Men, Víking Heiðar, Ásgeir, Jóhann Jóhannsson, Ólaf Arnalds og Kaleo hefur vakið athygli um heim allan,

---

<sup>1</sup> COVID-19 Impact on Entertainment Demand and Behaviors, MIDia Research, April 2020

<sup>2</sup><https://static1.squarespace.com/static/593eb2a837c58172ed556cbb/t/5ebbd4aa39793d1dee2dbc/1589368064949/Music+Cities+Resilience+Handbook.pdf>

unnið til fjölda verðlauna og kveikt áhuga á íslenskri tónlist erlendis. Margar tónlistarhátíðir hafa sprottið upp hér á landi og eru sumar þeirra orðnar fastur liður í hinni alþjóðlegu tónlistarsenu og laða árlega til landsins þúsundir tónleikagesta sem eru forvitnir um land og þjóð.

Á sama tíma og tónlistarframleiðslan blómstrar er umgjörðin utan um hana eða tónlistariðnaðurinn enn óþroskaður að mörgu leyti. Lítið er um fyrirtæki í tónlist á borð við útgáfufyrirtæki, bókunarfyrirtæki, umboðsskrifstofur og tónlistarforleggjara. Hluti ástæðunnar getur verið að tónlistarverkefni sem starfa að mestu leyti á innlendum markaði hafa í gegnum tíðina ekki verið mjög arðbær vegna smæðar markaðarins og því hefur utanumhald þeirra einkennst af "gerðu það sjálfur" (e. DIY) hugarfari. Þegar verkefni fóru að vekja athygli á erlendum vettvangi gripu stöndug erlend fyrirtæki oft boltann og tóku að sér utanumhald verkefnanna sem oft og tíðum opnaði fjölmörg tækifæri fyrir þau. Hinsvegar þýddi það einnig í mörgum tilfellum að stór hluti veltunnar af verkefnunum færðist út fyrir landsteinana og þar af leiðandi myndaðist ekki þekking á iðnaðinum hérlandis. Þetta hefur þó verið að breytast á síðustu árum með tilkomu fleiri sprotafyrirtækja og mikill áhugi virðist vera hjá fólki með reynslu og menntun til að starfa í tónlistariðnaðinum. Mikilvægt er að þessi þróun haldi áfram.

Til að bregðast við áhrifum COVID-19 hafa ríkisstjórnir, borgir og ýmsar stofnanir og samtök um allan heim boðið fram neyðaraðstoð í formi bóta og styrkja til handa listafólki og fólki sem vinnur við menningu og skapandi greinar. Hér á landi hafa ríki og borg einnig kynnt aðgerðir til stuðnings listum og menningu sem flestar beinast að listafólkinu sjálfu og skipuleggjendum listviðburða. Það er þó þörf á frekari aðgerðum og þegar lítið er til framtíðar má ekki gleyma að listgreinar eru einnig atvinnugreinar sem tilheyra hinum skapandi greinum sem hafa fjölmörg tækifæri til vaxtar sé að þeim hlúð. Eftir hrunið 2008 tók ferðapjónustan við af fjármálapjónustu sem sú atvinnugrein sem veðjað var á og margir hafa bent á að svo virðist sem öll eggin hafi verið sett í



sömu körfu, rétt eins og fyrir hrun. Nú má hins vegar gæta þess á umræðunni hér heima að nú sé tími hinna skapandi greina kominn og að tækifæri framtíðarinnar liggi í hugvitinu og sköpuninni - nýsköpun, tækni, listum og menningu.

*„Í einangrun hefur tónlistin flætt fram. En það er vonandi að þessar hörmungar allar hafi stimplað það fast inn í okkur að tónlistin er ekki sjálfsögð og við berum í raun og veru öll ábyrgð á vegferð hennar og vexti. Megi það veganesti fylgja okkur inn í „eðlilegri“ tíma sem nú hillir undir.“*

*Arnar Eggert Thoroddsen, blaðamaður og poppræðingur*

Markmiðið með þessari skýrslu er að kortleggja áhrif kórónuveirufaraldursins á íslenskt tónlistarlíf, gera grein fyrir aðgerðum og úrræðum sem ríki og Reykjavíkurborg hafa ráðist í til að styðja við greinina og koma með tillögur að frekari aðgerðum sem aðilar skýrslunnar telja þörf á.

## Áhrif COVID-19 á íslenskt tónlistarlíf

Pegar meta á áhrif COVID-19 á íslenskt tónlistarlíf er mikilvægt að horfa á greinina í heild sinni. Hér verður gerð tilraun til þess að varpa upp sviðsmyndum af COVID-19 á mismunandi starfsemi í íslenskum tónlistariðnaði sem hver um sig leikur mikilvægt hlutverk í því öflugra tónlistarlífi sem við eigum og sem býr yfir miklum tækifærum til vaxtar sé öflugur stuðningur til staðar.

### Tónlistarfólk

Ekki er ofsögum sagt að allt tónlistarfólk finni fyrir áhrifum faraldursins. Tónleikahús, tónleikasalir, samkomuhús og öldurhús voru lokað í rúmlega tvo mánuði, öllum hátíðum og tónlistarviðburðum aflýst og brúðkaup og jarðarfarið buðu ekki upp á lifandi tónlistarflutning vegna fjöldatakmarkana. Í raun má segja að enginn vettvangur hafi verið til staðar fyrir heila starfsstétt og þótt við horfum fram á bjartari tíma og allt þokist nú í rétta átt mun það taka tíma fyrir hlutina að komast í samt horf, óvissan er enn mikil og bakslag getur aftur sett allt úr skorðum.

Á einu augnabliki í mars þurrkuðust út tekjumöguleikar fyrir þá sem sinna lifandi tónlistarflutningi. Tónlistarflytjendur hafa eins og aðrir landsmenn fjölbreyttar skuldbindingar: Fjölskyldur til að framfleyta, húsnæðislán, námslán og skuldsettar fjárfestingar í atvinnutækjum, svo atvinnuleysið hefur bitið hratt.

Fyrirséð er að tónlistarflytjendur munu glíma við afleiðingar faraldursins lengi og þrátt fyrir rýmkanir á samkomubanni má eflaust gæta huglægra hindranna á meðal sumra áheyrenda sem treysta sér ekki í margmenni og jafnvel skipuleggjenda sem vilja ekki taka þá áhættu að skipuleggja viðburði þar sem fólk gæti orðið fyrir smiti. Erlend fagfélög tónlistarflytjenda eru á einu máli að töluverðan tíma þurfi áður en áheyrendur vilji eða treysti sér á fjölmennar tónleikaupplifanir.

Viðbótarframlög í verkefna- og launasjóði tónlistarmanna hjálpa til en þau setja of mikla fyrirvara auk þess sem áherslan er nær eingöngu á framleiðslu á nýjum verkefnum. Með því er litið framhjá til dæmis því tónlistarfólki sem þegar á sér öfluga ferilskrá um velunnin verk á listasviðinu sem þurfa stuðning við að stýra framhjá fjárhagslegu áfalli. Einnig má nefna að tímamörk skila verður erfitt að halda, veittar upplifanir þurfa áheyrndur og vettvang og líkur eru á að hart verður keppt um athygli og mögulega tónleikastaði á of knöppum tíma.

Algengt er að tekjur tónlistarfólks séu settar saman úr mismunandi þáttum. Tekjur fyrir lifandi flutning og höfundarréttartekjur leika þar stórt hlutverk en þar að auki tekur mikill fjöldi að sér föst hlutastörf á borð við kennslu. Hér verður fjallað nánar um hvernig úrræða stjórnvalda henta fyrir slíka samsetta vinnu.

### **Samsett vinna**

Fjöldi sjálfstætt starfandi listamanna vinna svokallaða samsetta vinnu. Með því er átt við að þau vinna að hluta sem verktakar og hluta sem launþegar. Verkefni eru unnin í skamman tíma og fyrir fjölbreytta verkkaupa og geta verið allt frá tónleikum til upptökuverkefna til einkaviðburða. Þessi gerð af verkefnavinnu verður sífellt algengari, ekki síst innan hinna skapandi greina, og er í dag talað um þessa tegund vinnumarkaðs sem hark hagkerfið.

# HARK HAGKERFIÐ

Hark hagkerfið (e. Gig Economy) er skilgreint sem vinnu-  
markaður sem einkennist af skammtímasamningum og  
sjálfstæðri verkefnavinnu í stað fastra starfa fyrir einn  
vinnuveitanda.<sup>3</sup>

Nú upplifa margir listamenn að verktakatekjur þeirra þurrkast út vegna ástandsins og í mörgum tilfellum lækkar eða hverfur það starfshlutfall einnig sem viðkomandi hafði sem launþegi.

Samkvæmt upplýsingum frá Deloitte frá því í apríl átti að vera hægt að mæta slíkum aðstæðum með að gera sitthvora umsóknina um atvinnuleysisbætur, annars vegar fyrir verktakahlutann og hinsvegar fyrir launþegahlutann. Reyndin virðist þó vera að þau sem reyna þessa útfærslu fái það svar á umsóknarsíðu Vinnumálastofnunar að ekki sé hægt að gera tvær umsóknir á sömu kennitölu og svör frá starfsmönnum stofnunarinnar eru enn fremur þau að velja verði aðra leiðina, verktaka- eða launþegaumsókn.

Sérfræðingur frá Deloitte var fenginn til að greina vandamálið og komst að sömu niðurstöðu, þ.e. að aðili sem hefur tekjur sem launamaður og sem verktaki getur ekki nýtt úrræði stjórnvalda þegar launaliður teknanna er skertur.

Þær eru fleiri hindranirnar sem mæta tónlistarfólki og öðru listafólki þegar kemur að úrræðum sem eru í boði í gegnum Vinnumálastofnun. Bandalag íslenskra listamanna

---

<sup>3</sup> [https://www.lexico.com/definition/gig\\_economy](https://www.lexico.com/definition/gig_economy)

tók saman minnisblað sem deilt var með Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og velferðarnefnd Alþingis. Þær hindranir sem um ræðir eiga allar við tónlistarfólk:

### **Reiknimódel VMST/RSK býr til skekkju í rauntekjum**

Það er löngu þekkt að viðmiðunartekjur listamanna út frá reiknimódeli Ríkisskattstjóra eru fjarri lagi, því það gerir ráð fyrir töluvert hærri launum en rauntekjur flestra listamanna eru. Því reiknast listamenn ætíð í hlutastörfum þegar kemur að úrræðum hvort sem er Vinnumálastofnunar eða Tryggingastofnunar og skerðast greiðslur í hlutfalli við það.

### **Lágar tekjur, skert réttindi og sveifla í innkomu**

Listamenn eru margir að vinna með tiltölulega lágar tekjur. Það, ásamt oft gríðarlegum sveiflum í innkomu, veldur því að þeir ná einfaldlega ekki að halda stöðugum réttindum, detta inn og falla út af reglulega greiddu endurgjaldi.

### **Hlutabótaleiðin virkar ekki vegna fjölbreytileika starfa**

Einyrkjar á eigin kennitölu geta ekki nýtt sér hlutabótaleiðina. Þeir þurfa að afskrá rekstur sinn og fara á atvinnuleysisbætur þó þeir hafi eingöngu misst hluta verkefna og launa.

### **Reiknimódel vegna fjölbreytileika og samsetningu starfa**

Ráðningaformin innan tónlistargeirans eru fjölbreytt og oft er um að ræða blöndu af launaðri vinnu og verktakavinnu. Vilji listamaður fara í hlutabótaleiðina getur hann eingöngu reiknað bæturnar út frá þeim launum sem hann hefur fengið sem launþegi, þó hann sé sannanlega að hluta á ráðningarsamningi sem launþegi og og hluta til sjálfstætt starfandi í verktöku.



## Reiknað endurgjald einu sinni á ári

Stór hópur listamanna gerir upp sín opinberu gjöld einu sinni á ári vegna lágra tekna. Nú fá þeir höfnun á bótum því VMST skráir þá í vanskilum fram yfir álagningu fyrir 2019.

## 70+

Fjöldi listamanna er í fullu starfi sem listamenn þótt þeir séu komnir yfir sjötugt, þeir fá sjálfkrafa höfnun í þessu úrræði.

Vert er að taka fram að, samkvæmt upplýsingum úr könnun sem BÍL gerði í maí, hafði 70% svarenda enn ekki fengið niðurstöðu í umsóknir sínar hjá Vinnumálastofnun.<sup>4</sup>

## Stórt högg fyrir verkefni í útflutningi

Staðan á mörgum erlendum mörkuðum hvað lifandi tónlistarflutning varðar er mun alvarlegri en hér og útlit er fyrir að tónleikar (a.m.k. stærri tónleikar) og hátíðir muni ekki fara fram á þessu ári hið minnsta.<sup>5</sup> Í Ástralíu er talað um að stærri tónleikar og hátíðir muni jafnvel ekki geta farið fram fyrr en bóluefni finnst við COVID-19 og eins er talað um að fari slíkar hátíðir fram munu þær fara fram með al-ástralskri dagskrá.<sup>6</sup> Svipaða umræðu má heyra víða. Það er því ljóst að íslenskt tónlistarfólk sem hefur atvinnu af tónleikaferðalögum erlendis hefur orðið fyrir miklu höggi og misst mikilvæga tekjulind sem óvíst er hvenær og í hvaða mynd kemur aftur.

Eins er nokkuð víst að tónlistarfólk muni sjá töluverða breytingu á sínum kjörum þótt tónleikahald og tónleikaferðir komist í samt lag. Tónleikahaldarar og bókarar sem hafa á undanförnum árum upplifað mikinn vöxt í kjölfar þess að lifandi

---

<sup>4</sup> [https://www.mbl.is/frettir/innlent/2020/05/27/70\\_prosent\\_listamanna\\_hafa\\_enga\\_launs\\_fengid/](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2020/05/27/70_prosent_listamanna_hafa_enga_launs_fengid/)

<sup>5</sup> <https://www.bbc.com/news/entertainment-arts-52440108>

<sup>6</sup> <https://www.abc.net.au/news/2020-05-07/coronavirus-restrictions-how-soon-will-music-festivals-return/12223026>

tónlistarflutningur varð ein mikilvægasta tekjulind tónlistarfólks hafa orðið fyrir miklu höggi í kjölfarið á COVID-19. Til að lifa af þetta ástand og tryggja sjálfbæran rekstur fram á við eru þessir aðilar þegar farnir að tala um að ná hagstæðari kjörum við tónlistarfólk eins og sjá má t.d. af umfjöllun Rolling Stone um Live Nation, einn stærsta tónleikahaldara í Bandaríkjunum.<sup>7</sup> Venjan er við tónleikahald erlendis að tónlistarfólk fái lágmarks tekjutryggingu og síðan falla samningar um skiptingu á hagnaði alla jafnan tónlistarfólki í hag með 80/20 skiptingu.<sup>8</sup> Verði miklar breytingar á samningum tónlistarfólks, með lægri tryggingu og hlutfalli á skiptingu hagnaðar, og nái þær að festa sig í sessi mun það hafa mikil áhrif á kjör tónlistarfólks. Í þessu sambandi er vert að hafa í huga að tónlistarfólk leggur oftast út í mikinn kostnað við ferðalög, hljóð, ljós, starfsfólk o.fl., án þess að vita fyrirfram hvort hagnaður verður af tónleikaferðalaginu eða hvort eingöngu nái að dekkja kostnað. Þessu til viðbótar bætist síðan við kostnaðurinn við að koma sér úr landi sem einn og sér er mikill fyrir íslenskt tónlistarfólk.

Bókunarskrifstofur úti í heimi hafa ekki farið varhluta af áhrifum heimsfaraldursins og hafa þurft að segja upp starfsfólki og hagræða í sínum rekstri. Þetta mun líklega hafa þær afleiðingar í för með sér að bókunarskrifstofurnar þurfi að fækka í hópi þess tónlistarfólks sem þær vinna með og einblína einungis á þá aðila sem gefa mestu tekjurnar sem mjög sjaldan eru íslenskir listamenn eða hljómsveitir. Ekki er því ólíklegt að eitthvað af íslensku tónlistarfólki missi sína bókara.

Gerð var eigindleg könnun á upplifun 10 umfangsmikilla tónlistarverkefna af ástandinu en með tónlistarverkefni er átt við hljómsveit eða tónlistarmann/konu.

---

<sup>7</sup> [https://www.rollingstone.com/pro/news/live-nation-memo-pay-cuts-covid-1016989/?fbclid=IwAR1qQTK4II\\_UwwcM48\\_UTHhvqHxuNZfbGhIWKBxDdZ58No2VHKwl\\_xLUao](https://www.rollingstone.com/pro/news/live-nation-memo-pay-cuts-covid-1016989/?fbclid=IwAR1qQTK4II_UwwcM48_UTHhvqHxuNZfbGhIWKBxDdZ58No2VHKwl_xLUao)

<sup>8</sup> <https://www.iq-mag.net/2020/05/offers-revised-down-post-covid-19-negotiations-begin/#.Xs5LU2j7TIX>

Einungis var rætt við einn aðila úr hverju verkefni. Markmiðið var að fá nánari upplýsingar um áhrif ástandsins á rekstur verkefnanna sem mögulega koma ekki fram í öðrum gögnum. Niðurstöðurnar voru þær að áhrifanna af samkomu- og ferðabanninu gætir ekki einungis í verkefnum dagsins í dag eða síðustu vikna og mánaða, heldur er útlit fyrir að áhrifanna muni einnig gæta á næstu mánuðum og jafnvel árum. Mikilvægt er að hafa í huga að tónlistarfólkið sem hér um ræðir hefur mestan part af sínum tekjum af alþjóðlegum verkefnum og tónleikum erlendis.

Hér eru helstu niðurstöður könnunarinnar:

- **Mikill óafturkræfur kostnaður.** Búið er að leggja út fyrir gríðarlega miklum kostnaði vegna m.a. tónleikaferðalaga, t.d. hönnun á ljósum, hljóði og þess háttar. Þessi kostnaður fæst ekki endurgreiddur.
- **Andlegt álag og erfitt að sinna sköpun.** Sumir svarendur fundu fyrir auknu andlegu álagi vegna þess að þeir sem skráðu sig á atvinnuleysisbætur í byrjun mars höfðu a.m.k. í maí ekki fengið neitt greitt og jafnvel ekki fengið svör við umsóknum sínum eða upplýsingar um bótaupphæðir sínar. Þessi óvissa veldur því að erfitt er að sinna verkefnum sem þó ætti að vera hægt svo sem að semja og taka upp tónlist.
- **Glötuð tækifæri og erfitt að skipuleggja 2021.** Þar sem iðnaðurinn liggur niðri, er erfiðara fyrir umboðsmenn að skapa tækifæri fyrir sína skjólstæðinga og skipuleggja framtíðina. Engar sýningarhátíðir (e. showcase) og ráðstefnur eru á dagskrá þar sem samningar eru að öllu jöfnu gerðir.
- **Lægri laun fyrir framtíðarviðburði.** Bókarar á hátíðum og tónleikastöðum eru að bjóða 20-40% lægri greiðslu fyrir þá viðburði sem verið er að skipuleggja fram í tímann.
- **Offramboð og mikil samkeppni** vegna þess að það er ó mánaða hliðrun á öllum viðburðum auk þeirra sem voru þegar skipulagðir í haust og vetur. Allir

vonast til að geta unnið upp tap á síðari hluta ársins sem að leiðir til offramboðs viðburða.

- **Tónleikaferðalagahringir þrengjast - tónlistarmenn þurfa upplýsingar um ferðaöryggi.** Áhersla er lögð á afmarkaðri svæði en áður og tónleikaferðalög stytast. Listamenn spila t.d. í 4 löndum og oftast í hverju landi, í staðinn fyrir að fara til 15-20 landa í einni tónleikaferð. Nú er verið að velja lönd út frá upplifuðu öryggi en ekki endilega þau lönd þar sem tónlistarfólkið er með sterkasta markhópinn sinn.
- **Tap vegna fyrirtækja sem fara á hausinn.** Einhverjir lenda í því að fá ekki vörur, svo sem geisladiska, boli og annað sem þeir selja á tónleikum, afhentar þrátt fyrir að búið sé að greiða fyrir þær, vegna þess að framleiðslufyrirtæki fara á hausinn.
- **Afbókanir út árið.** Fjölmargir tónleikastaðir og tónlistarhátíðir um heim allan eru búnir að afbóka flesta eða alla viðburði út árið.

Af þessu er ljóst að ástandið hefur gríðarlega mikil áhrif á tónlistarfólk og þá sér í lagi okkar stærsta tónlistarfólk sem reiðir sig alfarið á tónlistina sem fyrirvinnu og þar sem tónleikaferðir og önnur tækifæri erlendis eru stór hluti af tekjunum.

Tónlistarsjóður Átaksverkefni sem útdeilt var í maí átti að taka á þessu tekjutapi að hluta. Í lýsingu átaksverkefnisins er tekið fram að umsóknir atvinnufólks í tónlist hafi forgang og að verkefni sem hljóti styrk þurfi að uppfylla grunnmarkmið fjárfestingarátaksins um að styðja við eftirspurn og atvinnu til skamms tíma með arðbærum verkefnum. Hins vegar var raunin sú að mörg umfangsmikil tónlistarverkefni með talsvert erlent fylgi og mikla vaxtarmöguleika fengu höfnun á sínum umsóknum á meðan mikill fjöldi smárra og staðbundinna verkefna hlaut styrk. Þessi niðurstaða bendir til skilningsleysis á mikilvægi útflutningstækifæra fyrir tónlist sem atvinnugrein og mikilvægi þess að styðja einnig við umfangsmeiri tónlistarverkefni sem náð hafa góðri fófestu út fyrir landsteinana en sem eiga mikla vaxtamöguleika.

## Höfundarréttar- og flytjendagjöld

Talsverður hluti tekna tónlistarfólks, fyrir utan tekjur af lifandi tónlistarflutningi, eru höfundarréttar- og flytjendagjöld. STEF, Samtök flytjenda og hljómplötuframleiðenda (SFH) og Félag hljómplötuframleiðenda (FHF) eru þau samtök sem sjá um að innheimta þessi gjöld hér á landi og útteila þeim til réttihafa. Öll þessi samtök sjá fram á mikinn samdrátt í tekjum árið 2020 miðað við árið á undan. Tekjutapið er aðallega í flokkunum „Tónleikar“ og „Bakgrunnstónlist“. Þá má einnig búast við að tekjur frá útvarps- og sjónvarpsstöðvum svo og erlendar tekjur dragist nokkuð saman. Erlendar tekjur munu einna helst lækka vegna þess að tónleikar erlendis, þar sem leikin er tónlist eftir íslenska höfunda, hafa fallið niður eins og hér á landi.

### Á ÆTLAÐUR SAMDRÁTTUR TEKNA

#### Á ÁRSGRUNDVELLI:

- . Bakgrunnstónlist (frá veitingastöðum, verslunum o.fl.) að lágmarki 25% eða um 60 milljónir kr.
- . Útvarps- og sjónvarpsstöðar a.m.k. 10% eða um 31 milljónir kr.
- . Tónleikar u.þ.b. 35% eða um 27 milljónir kr.

Þá eru ótaldir ýmsir minni liðir sem gert er ráð fyrir að einnig verði tekjutap af eins og tekjur af útförum og leikhúsum. Rétt er að taka fram að vari ástandið lengur en í 3 - 4 mánuði eða ef bakslag kemur upp verður samdrátturinn vissulega meiri en sem hér greinir. Samtals nemur þetta tap tónhöfunda að lágmarki 120 milljónum sem segja má að sé tap um 2.000 tónhöfunda, auðvitað mjög misstórt eftir því hversu afkastamiklir höfundarnir eru. Í þessu sambandi er vert að benda á að í Danmörku



hefur verið farin sú leið að fela systursamtökum STEFs, KODA það hlutverk að áætla tjón tónhöfunda niður á einstaklinga og er sá útreikningur grundvöllur bótagreiðslna frá ríkinu. Bæturnar eru greiddar út með fyrirvara varðandi endanlegt tjón og fer endanlegt uppgjör fram eftirá.

Þessu til viðbótar eru töpuð flytjendagjöld af bakgrunnstónlist og útvarps- og sjónvarpstónlist. Ekki er ólíklegt að tap SFH vegna þessa muni nema a.m.k. 40 milljónum króna (sagt með sama fyrirvara og hér að ofan um lengd þess tímabils sem áhrifin munu vara).

### **Nótnasala og leiga hljómsveitarverka**

Samkomubann hefur komið beint við nótnasölu og leigu hljómsveitarverka hjá Tónverkamiðstöð sem er helsti útgefandi og söluaðili íslenskra samtímatónverka. Sala nótna að samtímatónverkum og leiga hljómsveitarverka er yfirleitt undanfari lifandi flutnings svo íslensk samtímatónskáld – og Tónverkamiðstöðin sjálf – eiga töluvert undir í sölu nótna og leigu hljómsveitarverka. Tekjur af nótnasölu standa undir nótnaútgáfunni sjálfri og kynningarhluta starfseminnar ásamt því að tónskáld fá greiddar höfundagreiðslur af sölu og leigu nótna. Flutningur tónverka eftir sölu eða leigu nótna gefur svo af sér til viðbótar höfundarréttartekjur til tónskálda sem innheimtar eru af STEFi. Sala nótna – bæði prentaðra og rafrænna – hjá Tónverkamiðstöð hefur dregist saman um 48% fyrstu fimm mánuði ársins en 70% samdráttur er í leigu hljómsveitarverka fyrstu fimm mánuði ársins og var ekkert hljómsveitarverk leigt í apríl og maí. Leiga hljómsveitarverka hefur verið stærsti einstaki þáttur í sjálfsaflafé miðstöðvarinnar og gefur einnig mestar tekjur af sér til tónskálda.

# ÁSKORANIR

## TÓNLISTARFÓLK

- . Fjöldi tónlistarfólks starfar bæði sem launþegar og verktakar en slík samsett vinna getur einungis að hluta til verið nýtt í hlutabótaleið stjórnvalda.
- . Einyrkjar á eigin kennitölu geta ekki nýtt sér hlutabótaleiðina.
- . Tónlistarfólk er oft með sveiflukennar tekjur og reiknar sér endurgjald einu sinni á ári sem hefur í för með sér synjun um bætur frá Vinnumálastofnun vegna vanskila á álagningu.
- . Verkefna- og launasjóðir ná eingöngu til hluta tónlistarfólks. Tónlistarsjóður styður fyrst og fremst við innlend verkefni og reynslan sýnir að fólk sem er komið aðeins áleiðis á sínum ferli gengur illa að fá veitt úr sjóðnum.
- . Stór verkefni í útflutningi tónlistar fá ekki óafturkræfan kostnað vegna aflýstra eða frestaðratónleikaferðalaga bættan en þó er höggið af ferðabanninu mest fyrir verkefni sem stóla á erlenda markaði og tónleikateiðir erlendis.
- . Færri tækifæri eru í boði fyrir lifandi tónlistarflutning erlendis og mikil samkeppni, það hefur leitt til þess að lægri greiðslur eru í boði fyrir lifandi tónlistarflutning í kjölfar COVID-19. Útlit er fyrir að staðan erlendis muni haldast erfið þar til 2021 í fyrsta lagi.

## Lifandi tónlistarflutningur

*„For artists, industry professionals and anxious music fans, the concert business, like live sports, was among the first to be affected by COVID-19 and will be among the last to recover.“<sup>9</sup>*

*Los Angeles Times, 2020*

Tekjulindir tónlistarfólks af tónlistarstarfsemi eru margs konar en lifandi flutningur er þó ein sú mikilvægasta, hvort sem horft er til áhugamanna eða þeirra sem hafa atvinnu af tónlist. Fyrir utan tónlistarfólkið sjálft koma fjölmargir aðilar að lifandi tónlistarflutningi. Tónleikastaðir eru vettvangur lifandi tónlistarflutnings, hvort sem um er að ræða minni tónleikastaði eða tónlistarhús á borð við Hörpu eða Hof.

---

<sup>9</sup> <https://www.latimes.com/entertainment-arts/music/story/2020-04-17/coronavirus-concerts-live-music-return-2021>

Skipuleggjendur tónleika hér á landi eru í sumum tilfellum tónleikastaðir en í langflestum tilfellum tónlistarfólkið sjálft eða sjálfstæðir tónleikahaldarar. Tækjaleigur eru einnig mikilvægur hlekkur í tónleikahaldi sem og tæknifólk á bakvið tjöldin, t.d hljóð- og ljósamenn. Íslenskar tónlistarhátíðir eru jafnframt mikilvægur vettvangur lifandi tónlistarflutnings en hér á landi er að finna margskonar hátíðir, stórar sem smáar, sem þjóna mismunandi tónlistarstefnum og stílum. Erlendis eru dæmi um að framleiðendur tónlistarviðburða eru búnir að gefast upp á að hægt verði að bjóða upp á viðburði á þessu ári og eru í stað þess að leggja alla orku sína í að undirbúa viðburði fyrir næsta ár.<sup>10</sup>

### Tónleikastaðir

Ein af meginstoðum öflugis tónlistarlífs er sá vettvangur sem er til staðar fyrir lifandi tónlistarflutning, tónleikastaðirnir. Undanfarin ár hefur sú þróun átt sér stað víða um heim og þá sér í lagi í stærri og vaxandi borgum að tilvist minni og miðlungsstórra tónleikastaða hefur verið ógnað. Ástæðurnar eru einna helst miðstéttarmening (gentrification) og aukinn ferðamannastraumur sem breytir ásýnd borga, einkum miðsvæðis. Tónleikastöðum er lokað vegna byggingar hótela og íbúðakjarna eða leigan hækkar og reynist of stór biti að kyngja. Þversögnin er sú að engin er borg án mannlífs og rannsóknir sýna að tónleikastaðir og ýmis konar menningarstarfsemi er stór hluti af því sem gerir borgir aðlaðandi heim að sækja eða búa í. Jafnframt má benda á þá staðreynd að landslag tónlistariðnaðarins er gjörbreytt þar sem streymi á tónlist hefur komið í stað sölu og því getur tónlistarfólk síður reitt sig á tekjur sem koma frá sölu á tónlist. Á sama tíma hefur lifandi tónlistarflutningur tekið við sem ein megin tekjulind tónlistarfólks og þá gefur auga leið að mjög mikilvægt er að tryggja aðstöðu til lifandi tónlistarflutnings hér á landi og styðja með öflugum hætti við tónleikastaði, bæði í Reykjavík og á landsbyggðinni.

---

<sup>10</sup> <https://www.brooklynvegan.com/live-performance-producers-are-giving-up-on-2020-new-york-times-says/>

Það er ljóst að þróun undanfarinna ára hefur sett minni tónleikastaði í viðkvæma stöðu og áhrifin af heimsfaraldrinum hafa bætt gráu ofan á svart.

Upplýsingar um áhrif COVID-19 á tónleikastaði á Íslandi eru byggðar á könnun sem Tónlistarborgin Reykjavík sendi út til tónleikastaða í höfuðborginni og sem fylgt var eftir með símtölum. Einnig var kallað eftir greinargerð frá Hörpu og rætt við forsvarsmenn Salarins í Kópavogi og Græna hattins á Akureyri.

Er samkomubann skall á þann 13. mars sl. var skellt í lás á öllum tónleikastöðum landsins. Áhrifa COVID-19 fór þó í raun að gæta fyrr og hafði mörgum viðburðum verið aflýst eða frestað frá því í lok febrúar / byrjun mars vegna óvissu og lítillar aðsóknar þegar fólk fór að takmarka þátttöku sína í viðburðum en einnig vegna þess að erlent tónlistarfólk komst ekki til landsins.

Þrátt fyrir samkomubann og lokun á hefðbundinni starfsemi hafa einhverjir staðanna haldið lítilli starfsemi áfram í mjög breyttri mynd og þá aðallega til að sinna samfélagslegu hlutverki sínu. Má þar nefna Dillon sem stóð fyrir vikulegu streymi, Hannesarholt sem stóð fyrir Syngjum saman streyminu og Mengi sem stóð fyrir viðburðinum Tóamengi. Gaukurinn, Austurbær - viðburðarhús og Græni hatturinn á Akureyri hafa einnig verið lánaðir út fyrir streymi og upptökur og annað sem hægt var að gera í samkomubanni. Þessi starfsemi var að langmestu leyti innt af hendi án nokkurra tekna fyrir viðkomandi staði.

Vegna smæðar markaðarins eru margir staðir sem sinna lifandi tónlistarflutningi háðir annars konar starfsemi svo reksturinn gangi upp. Þeir eru jafnframt kaffihús/veitingahús og hýsa ráðstefnur, veislur og fundi. Í kjölfar samkomubannsins féll þessi hluti rekstursins einnig niður og urðu áhrifin því enn meiri. Mars og apríl eru tími árshátíða og mikill annatími fyrir viðburðastaði og tónlistarfólk og var þetta því sérlega slæmur tími fyrir þennan iðnað.

Þrjú staðir sem hafa verið öflugir í að sinna tónleikahaldi í Reykjavík hafa hætt starfsemi á undanförunum vikum: Iðnó, Bryggjan brugghús og Sæmundur á

sparifötunum sem hefur staðið fyrir tónleikahaldi á Kex Hostel. Enn fremur hefur Kornhlaðan lokað og óvíst er hvort hún muni opna aftur. Þrír fyrrnefndu staðirnir fengu einmitt styrk úr Úrbótasjóði tónleikastaða í Reykjavík til þess að gera úrbætur hvað varðar aðgengi, aðstöðu og aðbúnað á þessu ári og því er mikil eftirsjá af þeim úr flórunni. Þess má geta að útlit er fyrir að tónleikahald muni hefjast aftur á Kex Hostel í umsjón rekstraraðila farfuglaheimilisins.

Þeir staðir sem enn þrjú hafa minnkað starfshlutfall starfsfólks og breytt vaktaplönunum og sagt upp fólki. Sumir hafa jafnvel sagt upp öllu starfsfólki. Mengi er með samstarfsamning við Reykjavíkurborg sem hefur reynst þeim stað afskaplega mikilvægur á þessum tímum. Flestir staðirnir nýta sér þau úrræði sem standa íslenskum fyrirtækjum almennt til boða vegna áhrifa veirusýkingarinnar, þ.á.m. hlutabótaleiðina, lokunarstyrki og fleira. Það virðist þó sem það taki langan tíma fyrir þessi úrræði að koma til framkvæmda og að einhver ringulreið ríki um framkvæmdina. Staðreyndin er sú að nú er orðið of seint að bjarga a.m.k. þremur stöðum sem nefndir eru hér að ofan.

Staðarhaldarar hafa ennfremur gagnrýnt frestun á gjöldum í þeim tilfellum sem þau gjöld eiga að koma til greiðslu þegar storminn lægir en þá verður enn erfitt fyrir staði sem eru reknir af hugsjóninni einni saman að standa skil á sínu. Aðspurðir segja margir þeirra að mikilvægt sé að styðja við dagskrárgerð á stöðunum þegar hjólin fara að snúast aftur.

*„Það er til lítills unnið að fá súrefni til þess að halda út mesta óveðrið ef það verður skrúfað fyrir þegar storminn lægir.“*

*Bjarni Gaukur Sigurðsson, eigandi Mengis*



Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús hefur ekki farið varhluta af áhrifum heimsfaraldursins. Þann 23. mars síðastliðinn var húsinu lokað tímabundið og fjölmörgum viðburðum í húsinu hefur ýmist verið frestað eða aflýst. Tölur sem miðast við 19. maí síðast liðinn sýna að þá hafði 227 listviðburðum í húsinu verið slegið á frest eða aflýst vegna samkomubanns og breytinga á komu ferðamanna til landsins. Viðbúið er að þessi tala hækki því enn er nokkur hreyfing á viðburðum. Ekki er hér einungis um tónleika og tónlistarviðburði að ræða heldur einnig leiksýningar, uppistand og fjölskyldudagskrá. Beint tekjutap Hörpu vegna tónleika sem felldir hafa verið niður eða fluttir inn á næsta ár er nú um 60 m.kr. Tap í miðasölu vegna sambærilegra viðburða sem felldir hafa verið niður eða fluttir yfir á 2021 eða 2022 er um 120 m.kr. eins og staðan er núna.

Líkt og nokkrir minni tónleikastaðir og ýmsar menningarstofnanir var Harpa öflug í að sinna samfélagslegu hlutverki sínu í samkomubanninu. Í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands, Íslensku óperuna og fleiri fóru t.d. fram streymistónleikar í Eldborg alla virka daga. Harpa vann einnig náið með RÚV á tímum strangasta samkomubannsins og útvegaði aðstöðu og tæknifólk fyrir ýmsa dagskrárgerð. Alþýðusamband Íslands leitaði til Hörpu eftir aðstöðu fyrir tölur á hátíðardagskrá í tengslum við 1. maí og var húsið nýtt á skemmtilegan hátt af því tilefni. Litlar tekjur komu þó inn vegna þessarar starfsemi. Samstarf RÚV og Hörpu mun nýtast áfram til að fjölga upptökum og/eða útsendingum af tónleikum í Hörpu. Ennfremur hefur Harpa fjárfest í auknum streymisbúnaði og aukið þekkingu og færni tæknimanna á því sviði í samhengi við þær breytingar sem fylgt hafa COVID-19.

Eftir að aflétting samkomubanns hófst leituðu forsvarsmenn hússins til Almannaþingar og Sóttvarnarlæknis til að skoða leiðir til að koma viðburðahaldi af stað á nýjan leik. Lagðar voru fram útfærslur á skiptingu salarkynna í sóttvarnarsvæði og leiðir til að taka á móti gestum. Tillögurnar voru samþykktar og þann 7. maí 2020 var Harpa opnuð aftur. Þann dag hélt Sinfóníuhljómsveit Íslands tónleika í streymi en fékk einnig grunnskólabörn í sal og þann 28. maí fóru fram tónleikar Páls Óskars og Sinfó með

gestum í sal en tónleikarnir voru einnig í beinni útsendingu á RÚV. Upplagg Hörpu til 15. júní síðast liðinn var t.d. þannig að tiltekin, skilgreind og afmörkuð svæði salar eru nýtt á því sem næst hefðbundinn hátt. Skýrt verður tekið fram í kynningu, við miðakaup og komu að ekki verði hægt að tryggja tveggja metra viðmið. Þá verða þessi svæði ekki fullsetin á tímabilinu heldur verður setið í um það bil öðru hverju sæti. Búið er að stilla salnum upp miðað við þetta en mögulegt er að eftir því sem líður á tímabilið verði farið að þetta í salnum samhliða því að bjóða „öruggu“ sætin á svölum. Útfærslan verður sem sagt metin og endurskoðuð miðað við eftirspurn gesta og þá verður 2 metra svæðum fjölgað eða fækkað eftir því. Eins mun viðburðahaldarinn í Hörpu stýra ferðinni hvað upplagg í miðasölu varðar þótt Harpa leggi línurnar.

Það er þó alla veganna ljóst, hvort sem um ræðir Hörpu eða aðra tónleikastaði, að ekki verður í öllum tilfellum hægt að fullnýta sætaframboð a.m.k. næstu vikurnar og það hefur í för með sér skerðingu á möguleikum tónleikahaldara til að hámarka sínar tekjur.

Þess má geta að hér er ekki um tæmandi yfirferð um tónleikastaði og tónlistarhús að ræða. Tónlistarhúsið Hof á Akureyri lokaði t.a.m einnig tímabundið fyrir almennum viðburðum þó svo að upptökur hafi farið fram í húsinu og má ætla að áhrif samkomubanns og brotthvarf ferðamanna hafi haft umtalsverð áhrif á starfsemina þar líkt og í Hörpu. Einnig lokaði tónlistarhúsið Salurinn í Kópavogi fyrir almennum tónleikum en þó fóru fram æfingar, upptökur og streymi í húsinu. Hljómahöll í Reykjanesbæ lokaði einnig fyrir almennum tónleikum en stóð þess í stað fyrir glæsilegri ókeypis streymisdagskrá þar sem sex hljómsveitir og listamenn komu fram á nokkurra vikna tímabili.

Nú þegar aflétting samkomubanns er í gangi ríkir enn töluverð óvissa hjá tónleikastöðum varðandi framhaldið og margar spurningar vakna. Hversu viljigt er fólk að fara á tónleika þar sem ekki verður hægt að hafa 2ja metra regluna í heiðri? Og hversu viljigt er tónlistarfólk til að halda tónleika ef hætta er á að margir gestir

smitist af COVID-19 á þeirra viðburði sem myndi mögulega leiða af sér neikvæða athygli? Hvenær komast hlutirnir í alvörunni aftur í eðlilegt horf? Á meðal tónlistarfólks og tónleikahaldara ríkir einnig óvissa með hvaða smærri tónleikastaðir muni lifa ástandið af og því fer fólk hægt af stað. Ef tekið er mið af bókunum á Græna hattinum sem er afar vinsæll tónleikastaður á Akureyri fóru bókanir hægt af stað í júní en staðurinn er nánast fullbókaður í júlí.

Myndin hér að neðan sýnir stærð (fjölda gesta) staða í Reykjavík (sem og sala í Hörpu) sem halda úti reglulegri tónleikadagskrá eða sem reiða sig á mikið árstíðabundið tónleikahald. Eins og sjá má gátu staðirnir í fyrstu tveimur dálkunum fullnýtt eða nánast fullnýtt húsnæðið með þeirri afléttingu samkomubanns sem komið var á þann 25. maí síðastliðinn. Frá 15. júní varð frekari aflétting á samkomubanni en nú mega allt að 500 manns koma saman. Það þýðir að staðir í þriðja dálki geta nú nýtt betur sitt rými. Við frekari afléttingu samkomubanns nýtast svo stærri staðir betur. Þó ber að hafa í huga að enn er einungis leyfilegt að hafa skemmtistaði opna til kl 23:00 sem jafnframt hefur áhrif á rekstur staðanna og tónleikahald.

### Mynd 1. Stærð tónleikastaða í Reykjavík (The Venue Ladder).

< 100	100 - 300	300 - 500	500 - 1000	+ 1000
R6013	Prikið	Hard Rock Café	Gamla Bíó	Silfurberg (Harpa)
Dillon	Hannesarholt	Tjarnarbíó	Norðurljós (Harpa)	Eldborg (Harpa)
Mengi	Norrænahúsið	Stúdentakjallarinn	Háskólabíó	
Röntgen	Kaldalón (Harpa)	Hressingarskálinn		
	Gaukurinn			

## Tónlistarhátíðir

Mörgum tónlistarhátíðum sem fara áttu fram í vor og í sumar um land allt hefur verið frestað hér eins og víða um heim en af þeim er Secret Solstice vafalaust sú langstærsta:

TÓNLISTARHÁTÍÐ	TÍMASETNING	ATHUGASEMD
Músiktilraunir	Mars	Frestað til haustsins
Blúshátíð Reykjavíkur	Apríl	Frestað, fer mögulega fram síðar á árinu
Heima í Hafnarfirði	Apríl	Aflýst
BIG BANG ný tónlistarhátíð í Hörpu fyrir unga áheyrendur	Apríl	Frestað fram í október, verður minni í sniðum
Aldrei fór ég suður	Apríl	Fór ekki fram með venjubundnum hætti. Streymi frá stuttum tónleikum tónlistarfólks.
Hammondhátíð Djúfavogs	Apríl	Aflýst
Reykjavík Death Fest	Maí	Aflýst
Ascension Festival	Maí	Aflýst
Raflost x RASK 2020	Maí	Tilhögun breytt. Streymi og minni viðburðir
Listahátíð í Reykjavík	Maí	Fer fram yfir lengri tíma
Secret Solstice	Júní	Aflýst
LungA á Seyðisfirði	Júlí	Aflýst
Eistnaflug	Júlí	Aflýst
Þjóðlagahátíðin á Siglufirði	Júlí	Aflýst
Bræðslan	Júlí	Aflýst

Útlit er fyrir að Reykholtshátíð (júlí), Sumartónleikar í Skálholti (júlí), Sönghátíð í Hafnarborg (júlí), Innipúkinn (ágúst), Jazzhátíð Reykjavíkur (september) og Extreme Chill Festival (september) fara fram á árinu að öllu óbreyttu.

Óvissa ríkir um Menningarnótt í Reykjavík og ýmsar bæjarhátíðir sem fara fram á sumri hverju en gera má ráð fyrir að þessar hátíðir verði smærri í sniðum í ár ef þær fara fram. Til dæmis hefur Neistaflugi á Neskaupsstað og Fiskideginum á Dalvík verið aflýst. Þá er líklegt að Þjóðhátíðin í Eyjum verði haldin með breyttu sniði. Þessar hátíðir hafa alla jafna verið mikilvægur vettvangur fyrir tónlistarfólk til að koma fram og afla sér tekna.

Síðast en ekki síst ber að nefna Iceland Airwaves, okkar stærstu tónlistarhátíð sem mun að óbreyttu fara fram í nóvember. Þessi hátíð er sérstaklega mikilvæg íslenskum tónlistariðnaði þar sem hún er eina eiginlega sýningarhátíð (e. showcase) íslensks tónlistarfólks. Ríkir enn töluverð óvissa um skipulag hátíðarinnar og skipuleggjendur þurfa þess vegna að vinna með margar sviðsmyndir og vera sveigjanlegir. Vegna þeirrar óvissu sem ríkir um tilhögun millilandaflugs síðla árs (framboð og eftirspurn) verður að teljast nokkuð ólíklegt að erlendir gestir verði jafnmargir og þeir hafa verið á undanförunum árum en árið 2019 voru þeir 55% gesta á hátíðinni og hafði þeim fjölgað töluvert frá árinu 2017 eða um ríflega 400 manns. Ein af áskorunum hátíðarinnar er því að markaðssetja sig í ríkari mæli gagnvart innlendum gestum en bjóða jafnvel upp á sérstaka vefútgáfu fyrir erlendan markað. Einnig mun hátíðin þurfa að leggja ríkari áherslu á íslenska tónlist á dagskrá hátíðarinnar þótt enn sé stefnt að því að hingað komi erlend nöfn stór og smá til að spila fyrir gesti.<sup>11</sup> Það er gífurlega erfitt að skipuleggja jafn stóra alþjóðlega hátíð og Iceland Airwaves á miklum óvissutímum og á örskömmum tíma geta allar forsendur breyst. Þetta kallar á mikinn sveigjanleika og hæfileika stjórnenda til að sjá tækifærin í nýjum aðstæðum.

Að öðrum hátíðum ólöstuðum er Iceland Airwaves gríðarlega mikilvæg hátíð fyrir íslenskt tónlistarlíf þar sem hátíðin tengir íslenskt tónlistarfólk og íslenskan tónlistariðnað við alþjóðlega tónlistariðnaðinn. Í nóvember á hverju ári koma hingað á einu bretti fjölmargir lykilaðilar eins og bókarar, umboðsmenn, aðrar hátíðir, útgefendur, blaðamenn, tónlistarstjórar og svo mætti lengi telja. Það leikur því enginn vafi á því að hátíðin hefur í gegnum árin verið mikil lyftistöng og stökkpallur fyrir íslenskt tónlistarfólk. Sérstaða hennar felst einnig í því hversu marga erlenda gesti hún laðar til landsins og hagræn áhrif hennar eru því töluverð eins og fram kemur í óopinberri skýrslu hátíðarinnar, um tækifæri og áskoranir vegna COVID-19.

---

<sup>11</sup> Iceland Airwaves - Opportunities and Challenges 2020 (óopinber skýrsla)



Undanfarin tvö ár hefur Sena Live náð góðum árangri við að rétta hátíðina af og framtíðin var björt þannig að höggið af COVID-19 kemur á mjög viðkvæmum tíma.

Mikilvægt er að ráðamenn taki á móti beiðnum um aukna aðstoð lykilaðila í íslensku tónlistarlífi á þessum tímum mikilla áskorana og breytinga með opnum huga. Nú er verið að hvetja til innlendra ferðalaga en á sama tíma markaðssetja Reykjavík og Ísland allt sem land sem gott er að heimsækja á tímum sem þessum og þá er tilvalið tækifæri til að leggja áherslu á það fjölbreytta og vandaða framboð af hátíðum og menningarviðburðum sem landið býður upp á. Stuðningur við markaðssetningu getur haft mikil og jákvæð áhrif á möguleika tónlistarhátíða, sem og tónleikastaða og tónlistarfólks almennt, til að komast í gegnum þetta tímabil.

### Tónleikahaldarar

Tónleikahaldari er aðili sem ber fjárhagslega ábyrgð á tilteknum tónleikum sem og skipulagningu. Á litlum markaði líkt og hér er tónleikahaldarinn gjarnan tónleikastaður eða jafnvel tónlistarfólkið sjálft en í vaxandi mæli eru það sjálfstæðir aðilar sem skipuleggja tónleika innlends og erlends tónlistarfólks. Flestir tónleikahaldarar hér eru einstaklingar sem starfa sjálfstætt en þó er um einstaka stærri fyrirtæki að ræða, þar af er Sena Live sem er þeirra stærst. Þar á bæ hurfu forsendur rekstursins á einni nóttu en Sena Live skipuleggur einnig árshátíðir, hvataferðir og ýmsa viðburði fyrir bæði Íslendinga og útlendinga.

*„Á einni nóttu hurfu allar tekjur og allur rekstur, í stað þess að vera með fullt af fólki í vinnu við að halda viðburði vorum við með fullt af fólki í vinnu við að fresta, aflýsa og endurgreiða.“*

*Ísleifur Þórhallsson, framkvæmdastjóri Senu Live.*

Óvissan var algjör í byrjun ástandsins og er enn mikil þrátt fyrir tilslakanir og bjartari tíma. Viðskiptalíkonin sem fyrirtækið byggir rekstur sinn á eru löskuð vegna óvissunnar og forsvarsmenn fyrirtækisins velta því fyrir sér hversu smeykt fólk verður við að fara á

tónleika og taka þátt í fjölmönnum viðburðum næstu mánuðina þótt vísbendingar séu um að fólk þyrsti í tónleika og sé tilbúið, a.m.k. fyrir rólegri og sitjandi tónleika. Einnig er spurning hvort fólk vilji síður eyða peningum í afþreyingu þar sem margir hafa minna á milli handanna. Þar að auki ríkir mikil óvissa um ferðalög fólks á milli landa, hvaða flug verða í boði og á hvaða verði. Hvaða kvaðir verða á millilandaflugi fólks og hversu fúst verður fólk til að ferðast á milli landa til að sækja viðburði eins og t.d. Iceland Airwaves sem Sena Live skipuleggur. Vegna þess vafa sem ríkir um hvernig tónleikahald- og sókn fer af stað næstu mánuði sér Sena Live fram á að þurfa að einblína á íslenska viðburði fyrir íslenska gesti a.m.k. út þetta ár.

Út frá sjónarhóli tónleikahaldara hefur COVID-ástandið leitt í ljós hversu sterkur réttur íslenskra neytenda er, en ef tónleikahaldari hefur ekki sett sérstaka skilmála við miðakaupin um að honum sé heimilt að fresta tónleikum komi upp óviðráðanlegar ástæður (force majeure) eins og vegna smitsóttu, hefur neytandi rétt samkvæmt almennum reglum samninga- og kröfuréttar að krefjast endurgreiðslu á miðakaupum. Líklegt er að skilmálar miðakaupa verði almennt endurskoðaðir nú með tilliti til reynslunnar. Til að bregðast við þessu hafa ýmis lönd, t.a.m. Þýskaland, breytt lögum í kjölfar COVID-19 á þann veg að viðburðahaldarar megi gefa út gjafabréf í stað endurgreiðslu vegna viðburða sem falla niður.<sup>12</sup> Á stærri mörkuðum er einnig í flestum tilfellum að finna hagsmunasamtök / bandalög tónleikahaldara sem geta þá talað fyrir sameiginlegum hagsmunum sínum við stjórnvöld. Hér eru einungis til óformleg og frekar óvirk samtök tónleikahaldara, BÍT (Bandalag íslenskra tónleikahaldara).

Á meðal tónleika erlendra aðila sem hefur ýmist verið frestað eða aflýst vegna COVID-19 má nefna Andrea Bocelli í Kórnum í maí (frestað til október), Beck í Laugardalshöll í júní (aflýst) og Damon Albarn í Hörpu (frestað fram til 2021).

---

<sup>12</sup> <https://www.culturalpolicies.net/covid-19/country-reports/germany/>

## Tækjaleigur og sjálfstætt starfandi tæknifólk

Mikilvægur hlekkur í lifandi tónlistarflutningi er sjálfstætt starfandi tæknifólk við viðburði en þessi hópur missti öll sín verkefni 13. mars s.l. þegar samkomubann var tilkynnt. Þrátt fyrir að öll verkefni féllu niður hjá þessum hópi á hann ekki rétt á lokunarstyrkjum þar sem þessi starfsemi er ekki talin fram sem lokunarskyld í lögum um lokunarstyrki. Mars og apríl eru stærstu mánuðir ársins í tekjulegum skilningi, svo að höggið varð strax mikið og ástandið alvarlegt. Óvissan með framtíðina hjá þessum hópi er mikil og nokkuð ljóst að stórir viðburðir munu fara seint og rólega af stað aftur þegar hjólin fara að snúast á ný.

Í tæknifólkinu er bundin mikil sérþekking og dýrmæt reynsla af tæknistjórnun á stórum viðburðum sem er mikilvægt að sé til staðar hér á landi. Öllum stærstu viðburðum landsins er tæknistýrt af sjálfstætt starfandi tæknifólki. Mikið af þessum aðilum eru með rekstur í eigin félögum og þar er innkoman í dag ekki samanburðarhæf við fyrri ár, en hinsvegar talsverðar fjárhagsskuldbindingar vegna tækjakaupa og annarra fastra útgjalda. Flestir þessara aðila hafa geta farið á atvinnuleysisbætur en þær eru lágar og ná einungis að standa straum af persónulegum skuldbindingum en koma ekki til móts við fastan rekstrarkostnað og aðrar fjárhagsskuldbindingar tengdar rekstrinum.

Tækjaleigur sinna einnig mikilvægu hlutverki í tónleikahaldi en tónleikastaðir, viðburðahaldarar, tónleikahaldarar og aðrir leigja í flestum tilfellum megnið af tækjakosti fyrir tónleika af tækjaleigum. Í kjölfar samkomubannsins þegar öllum viðburðum var aflýst eða frestað upplifðu tækjaleigur allsherjar fall í seldri þjónustu. Ein leigan lýsti því á þann hátt að strax um mánaðarmótin febrúar/mars hafi nær allar pantanir verið afbókaðar og veltan í maí á þessu ári rétt nær um einni prósentu af veltu í sambærilegum mánuði. Það gerir 99% samdrátt í veltu. Sú velta sem eftir stóð var vegna streymis en þó ber að nefna að stór hluti streymisins var unninn í sjálfböðavinnu með það fyrir augum að veita samfélagsþjónustu á erfiðum tímum.

# ÁSKORANIR

## LIFANDI TÓNLISTARFLUTNINGUR

. Hér á landi njóta tónleikastaðir ekki opinbers stuðnings þrátt fyrir að vera ein af grundvallarstoðum íslensks tónlistarlífs. Rekstur tónleikastaða er alla jafna viðkvæmur, sér í lagi á svona litlum markaði, þannig að höggið af COVID-19 var þeim einstaklega þungbært.

. Mörgum tónlistarhátíðum var aflýst eða frestað vegna COVID-19 sem þýðir færri tækifæri fyrir tónlistarfólk að koma fram. Einnig er hættu á að hátíðum hér á landi fækki fái þær ekki aðstoð við að komast yfir erfiðasta hjallann. Fyrir hátíð eins og Iceland Airwaves sem að óbreyttu fer fram í haust eru rekstrarforsendur verulega breyttar vegna fækkunar erlendra gesta.

. Rekstrargrundvöllur tónleikahaldara, tækjaleiga og sjálfstætt starfandi tæknifólks hvarf á einni nóttu. Þessir aðilar eiga þó ekki rétt á lokunarstyrk þrátt fyrir að falla undir öll skilyrði lokunarstyrkja að undanskilinni formlegri lokun vegna sóttvarnarreglna.

. Líkt og tónlistarfólk eru sjálfstætt starfandi einstaklingar innan tónlistariðnaðarins í mörgum tilfellum með sveiflukennar tekjur og reikna sér endurgjald einu sinni á ári. Þar að auki er samsett vinna einnig algeng. Þetta hefur áhrif á umsókn þeirra um atvinnuleysisbætur og takmarkar þau úrræði sem eru í boði fyrir þessa aðila.

## Tónlistartengd fyrirtæki og uppbygging iðnaðar

Tónlistariðnaðurinn hverfist um framleiðslu og flutning tónlistar en ekki síður mikilvæg eru fyrirtækin sem saman mynda viðskiptaumgjörð tónlistariðnaðarins ásamt tónlistarhátíðum, tónleikastöðum og fleirum. Innan þessarar umgjörðar eru fyrirtæki á borð við umboðs- og bókunarskrifstofur, útgáfufyrirtæki, hljóðver, hljómplötuverslanir og fjöldinn allur af einyrkjum sem starfa m.a. sem umboðsmenn, bókarar, kynningarfulltrúar og skipuleggjendur viðburða.

Þessir rekstraraðilar hafa einnig orðið fyrir barðinu á kórónuveirufaraldrinum en allir eiga þeir það það sameiginlegt að rekstur þeirra lagðist nánast af í kjölfar samkomubannsins. Fyrirtæki í tónlistariðnaði eiga það sameiginlegt að vera smá í sniðum en ekki má gleyma því að lítil fyrirtæki eru hryggjarstykkið í íslensku atvinnulífi, eins og verkefnastjóri Litla Íslands orðaði það.<sup>13</sup>

Hér verður fjallað um áhrif COVID-19 á tónlistartengd fyrirtæki og á uppbyggingu tónlistariðnaðarins.

<sup>13</sup> <https://www.visir.is/g/20201870200d>

## Hljómplötuverslanir

Reykjavík er svo heppin að vera ein af þeim borgum sem enn státar af flottum hljómplötuverslunum og hafa sumar þeirra jafnvel komist á lista yfir bestu plötubúðir í heimi. Hljómplötuverslanir gegna mikilvægu hlutverki í hagkerfi tónlistarlífsins og það er því mikilvægt að halda þeim gangandi. Ef við missum þær hefur það víðtæk áhrif á tónlistarlífið, s.s. útgáfu- og dreifingarfyrtæki og tónlistarfólkið sjálft.

Plötuverslanir gegna einnig mikilvægu samfélagslegu hlutverki fyrir tónlistarlífið og þangað koma t.d. ferðamenn til að fræðast um tónlistarlífið og fá upplýsingar um viðburði sem þeir geta sótt í nágrenninu. Nú er ljóst að rekstur þessara verslana sem var viðkæmur fyrir mun verður afar erfiður á næstu mánuðum og mun sumarið í ár ekki verða sá gjöfulei tími sem það hefur verið undanfarin ár þegar höfuðborgin hefur verið full af ferðamönnum sem margir hverjir sækja þessar verslanir til að kynna tónlistarlífinu.

Hefðbundin eintakasala er enn stór hluti tekna tónlistarútgefenda. Fyrst ber því að nefna að sala tónlistar í hljómplötuverslunum hefur minnkað mjög frá því samkomubann hófst. Kaupendur á geisladiskum og plötum eru að miklu leyti erlendir ferðamenn og sumarið er söluhæsti tími hljómplötuverslana með um 30-40% af sölu ársins. Nú er gert ráð fyrir mun færri ferðamönnum í sumar og það sem eftir er árs og því er viðbúið að þrátt fyrir afléttun á samkomubanni munu áhrifin á rekstur hljómplötuverslana vera viðvarandi þar til ferðaiðnaðurinn nær sér aftur á strik.

Áhrifin á þessi fyrirtæki eru ekki einungis samdráttur á hljómplötusölu heldur skapar ástandið einnig aukinn greiðsluvanda verslana gagnvart birgjum, sem svo aftur skapar fjárstreymisvanda hjá útgefendum. Takmarkanir á tónleikahaldi hafa einnig áhrif á sölu á tónlist en tónleikar eru í æ ríkari mæli mikilvægur vettvangur fyrir sölu hljómpatna.

Hugur er í hljómplötuverslunum að standa af sér storminn og vera tilbúin fyrir aukna umferð þegar ferðatakörkunum léttir. Tvennt hefur áhrif á þær áætlanir. Fyrirtækin

þurfa að ná að halda sér í rekstri þangað til að því kemur og huga þarf að aukinni kynningu á hljómplötuverslunum, sögu þeirra og því mikilvæga hlutverki sem þær gegna. Dæmi er um sérstök kynningarátök erlendis til að styðja við plötuverslanir, til dæmis er að fara í gang herferð í Bretlandi undir yfirskriftinni „Elskum plötuverslanir“.

## Hljóðver

Hljóðverin hafa farið mismunandi út úr þessum aðstæðum. Flest lokuðu þau tímabundið fyrir upptökur í upphafi samkomubanns en hafa smám saman verið að opna aftur. Sum hljóðverana taka að sér erlend verkefni og í þeim tilfellum hefur velta dregist mikið saman. Eitt af stærri hljóðverunum sem hefur skapað sér nafn á alþjóðavettvangi og tekur að miklu leyti að sér erlend verkefni upplifði algjört hrun í verkefnastöðu, eða 95% samdrátt í mars, apríl og maí, auk þess sem sumarið er óljóst.

Hljóðver á borð við það sem staðsett er í Hofi á Akureyri er með sterkari stöðu í þessum aðstæðum en megnið af verkefnum þar eru upptökur á kvikmyndatónlist þar sem flytjendurnir eru SinfoniaNord, sinfóníuhljómsveit Norðurlands, en hún er ein af fáum sinfóníuhljómsveitum sem er starfandi á tímum COVID-19. SinfoniaNord hefur á síðustu vikum landað stórum verkefnum fyrir aðila á borð við Netflix og vógu þar þungt í ákvarðanatökunni endurgreiðslur hljóðritunarkostnaðar sem boðið er upp á hér á landi. Þetta er því ljós í myrkrinu og sýnir að tækifærin eru til staðar þrátt fyrir erfiðar aðstæður.

Hljóðverin eiga það sameiginlegt að vera að huga að þróun markaðsefnis og aukinni markaðssetningu með sumrinu til að reyna að koma sterkari undan þessum erfiðu tímum. Bág fjárhagsstaða í kjölfar aflýstra bókana hefur þó áhrif á hversu miklar fjárhæðir hægt er að setja í markaðssetningu.

## Fyrirtæki í umsýslu

Það er mjög mikilvægur liður í því að íslenskur tónlistariðnaður vaxi og dafni að hér séu til góð og öflug fyrirtæki í umsýslu, svo sem umboðs- og bókunarskrifstofur. Eins og fram kemur í inngangi er hér fremur lítið um slík fyrirtæki og verkefni sem undir þau falla hafa oft og tíðum verið í höndum listafólksins sjálfs eða jafnvel kunningja og vina til að byrja með og hafa síðan færst yfir á hendur reynslumeiri erlendra aðila og fyrirtækja í þeim tilfellum sem verkefnin komast á flug. Þannig hefur stór hluti af veltu í kringum verkefnin færst út fyrir landsteinana. Á síðustu árum hefur þetta verið að breytast þar sem umboðs- og bókunarskrifstofur, tónlistarforleggjarar og önnur tónlistartengd fyrirtæki hafa sprottið upp og meiri áhugi en áður virðist vera hjá fólki með reynslu og menntun til að starfa í tónlist. Því er mikilvægt að hlúa vel að þessum aðilum sem segja má að séu eins konar brautryðjendur í fagi sem enn stendur höllum fæti hér á landi. Fyrirtæki á borð við Klapp! sem sér um umboðsmennsku og tónleikabókanir fyrir m.a. Daða Frey, Iceland Sync sem sér um umboðsmennsku og bókanir fyrir m.a. Auði, INNI sem er útgáfufyrirtæki og tónlistarforleggjari sem vinnur með tónlistarfólki á borð við Atla Örvars og JFDR og fleiri eru allt dæmi um nýleg fyrirtæki með mikla möguleika. Mörg þessara fyrirtækja reiða sig að mestu á tekjur sem verða til hérlendis þótt þau hafi jafnvel á sínum snærum nokkra skjólstæðinga sem eru að reyna fyrir sér á erlendum mörkuðum.

Flest þessara fyrirtækja urðu fyrir miklum áhrifum af samkomubanninu. Umboðs- og bókunarskrifstofurnar misstu bróðurpart sinna tekna þegar ekki var mögulegt að halda tónleika og tónleikaferðalög frestuðust en í báðum tilfellum gat verið um talsverðan sokkinn kostnað að ræða. Afbókanir tónleika og framkomu á viðburðum hófust strax í byrjun mars sl. og fáar bókanir voru í júní.



Mörg fyrirtækjanna sóttu um atvinnuleysisbætur fyrir starfsmenn, fóru hlutabótaleiðina og aðstoðuðu umbjóðendur sína við að sækja um verkefnastyrki en óljóst er hvernig næstu mánuðir verða og á meðan þarf að greiða fastan kostnað. Fyrirtæki sem þessi sem gegna því hlutverki að byggja upp feril tónlistarfólks og taka virkan þátt í því að móta og útfæra listrænar hugmyndir eru gjarnan hin hliðin á listrænni sköpun. Starfsemin er sveiflukennd og viðkvæm og krefst sköpunar og útsjónarsemi en fyrirtækin sem slík hafa ekki jafn greiðan aðgang að sjóðum og stuðningi og listafólkið sjálft. Fjölmargt tónlistarfólk hefur brugðið á það ráð að sinna tónlistarsköpun nú þegar tónleikahald hefur legið niðri í langan tíma en slík vinna skilar ekki tekjum til umboðsfyrirtækja.

Með tilslökun á samkomubanni fór að bera á bókunum í heimahús en það vekur athygli að fólk er að bjóða lægri greiðslu en áður og telur sig á sama tíma vera að gera góðverk með því að bóka tónlistarfólk á erfiðum tímum sem þessum. Hvað varðar aðrar bókanir en framkomu í heimahúsum fer tónleikahald hægt af stað þar sem tónleikahaldarar og tónleikastaðir vilja gæta ítrustu varfærni. Enginn vill verða sá aðili sem er valdur af smiti fjölda fólks og fá athygli og umfjöllun fyrir slíkt.

### Áhrif COVID-19 á uppbyggingu tónlistariðnaðar

Það er heilmikið af tækifærum í tónlistariðnaðinum, við þurfum ekki annað en að horfa til landa í kringum okkur til að sjá að til eru stór og stöndug fyrirtæki og ekkert því til fyrirstöðu að slíkt geti einnig verið mögulegt hér á landi. Fyrirtæki á borð við Spotify, Warner Music, Kobalt, Universal Music Group og Live Nation eru öll dæmi um arðbær stórfyrirtæki í tónlist en einnig er til fjöldinn allur af arðbærum minni fyrirtækjum sem vinna einungis með handfylli af tónlistarfólki. Það þarf því ekki að vera stórfyrirtæki til að skapa störf og arðbæran rekstur.

Aukið samstarf hérlendra aðila í umgjörðinni á borð við ÚTÓN, STEF og Tónlistarborgina Reykjavík hefur gefið góða raun. Verkefni eins og Firestarter, Meet the Music Supervisors, Airwaves Pro, Record in Iceland og allskyns námskeið og fræðsla fyrir fólk og fyrirtæki innan tónlistariðnaðarins hafa stutt sterklega við uppbyggingu iðnaðarins síðustu ár þótt uppbygging tónlistariðnaðar taki tíma. Varast þarf að sú uppbygging sem hefur átt sér stað á síðustu árum glattist vegna þeirra fordæmalausu aðstæðna sem við lifum í núna. Einnig er mikilvægt að vekja athygli ungs fólks á tækifærunum sem felast í því að starfa í tónlistariðnaði.

## ÆSKORANIR

### TÓNLISTARTENGD FYRIRTÆKI

. Mikill samdráttur í tekjum í kjölfar samkomu- og ferðabanns og fjárstreymisvandi hefur áhrif á aðfangakeðjuna. Mörg fyrirtæki í tónlist falla ekki undir lokunarstyrki og önnur neyðaraðstoð vegna tekjufalls hefur ekki verið í boði.

. Í kjölfar tilslakana á samkomubanni og opnun landamæra Íslands og einnig vegna þess hversu vel hefur tekist til að ráða niðurlögum COVID-19 hér á landi gefast nú tækifæri til að markaðssetja sérkenni Íslands í tónlist, m.a. hljómplötuverslanir, tónlistarhátíðir og Ísland sem upptökuland. Mikilvægt er að nýta þau tækifæri.

. Mikið um aflýstar bókanir og óvissa með framhald á tónleikahaldi á Íslandi en ekki síður erlendis. Lægri verð í boði fyrir lifandi tónlistarflutning en fyrir samkomubann. Skilar sér í lægri tekjum til umboðs- og bókunarfyrirtækja.

. Tónlistariðnaðurinn á Íslandi er í hraðri þróun en þó skammt á veg kominn. Fyrirtæki í umsýslu tónlistarverkefna eru fá og takmarkaður stuðningur er í boði fyrir þau. Öflugt stuðningsumhverfi fyrir þessa gerð af fyrirtækjum er grundvöllurinn fyrir að hægt sé að byggja upp þróaðan tónlistariðnað á Íslandi.

„Nýsköpun er orðin svo svalt fyrirbæri að maður fer næstum framfyrir röðina á Kaffibarnum þessa dagana. Orðið sjálft er auðvitað tvítekning á sama hlut - sköpun hlýtur eðli málsins samkvæmt alltaf að gefa af sér nýja afurð, en nýsköpun er sem sagt loksins komin á dagskrá sem lykilþáttur í efnahagslífi landsins og það er í einu orði sagt meiriháttar. Á sama tíma hef ég verulegar áhyggjur af listafólki og þeirra afkomu. **Þeir sem starfa við listir beisla sköpunarkraftinn á undan öllum hinum.** Listin fær samfélagið til þess að hugsa út fyrir boxið - listin opnar á ímyndunaraflíð og gefur því lausan tauminn. Hún er þess vegna einn aðalhvati þess að við látum okkur detta eitthvað nýtt og skapandi í hug. Við kunnum vel að meta listafólkið þegar það nær til okkar og erum stolt af því að eiga alla þessa snillinga hér og þar um heiminn og örlát á þakklætisorðin þegar það á við. En við erum ekki jafn örlát þegar kemur að því að borga fyrir listina og hér á landi er fjárhagslegt bakland listafólks nánast ekkert. Listafólk starfar oftast sjálfstætt, sumir fá vinnu við kennslu - en það er ekki listastarf per se - og aðeins lítill hluti þeirra sem starfa við listir er á listamannslaunum. Þá má ekki gleyma því að listamannslaun eru í raun styrkir fyrir tilteknum verkefnum og sú aukning sem þar hefur verið gerð til að hjálpa fólki í gegnum COVID kemur engan veginn í staðinn fyrir tekjuskerðinguna sem listafólk er að verða fyrir í dag. **Við höfum sem sagt skilið listafólkið okkar eftir úti á gaddinum á sama tíma og við virðumst loksins sem samfélag vera að fatta það hvað afurðir þeirra hafa mikið að segja fyrir atvinnulífið í landinu.**“

*Margrét Júlíana Sigurðardóttir, stofnandi og fv. framkvæmdastjóri Mussila ehf.*

## Viðbrögð við áhrifum COVID-19 hérlandis

Nokkrar aðgerðir hafa verið settar af stað til að bregðast við tekjumissi tónlistarfólks og fyrirtækja í kjölfar Covid-19. Þær aðgerðir sem snúa beint að tónlistarfólki voru eftirfarandi:

- Aukaframlag í Launasjóð listamanna upp á 244 milljónir, þar af 11% fyrir tónlistarflytjendur og 12% fyrir tónhöfunda.
- Sett var 86 milljón króna aukaúthlutun í Tónlistarsjóð sem hægt var að sækja um í fyrir átaksverkefnum. Styrkuppþæðirnar námu 400.000 kr, 600.000 kr og 1.000.000 kr fyrir stærri verkefni.
- Menningarpottur Reykjavíkurborgar setti á fót aukaúthlutun sem nam 30 milljónum króna.
- Reykjavíkurborg setti á laggirnar verkefnið Sumarborgin 2020 sem miðar að því að efla og kynna miðborg Reykjavíkur sem áfangastað með menningu, mannlífi og fjölbreyttum viðburðum sem skilar sér í atvinnuskapandi tækifærum fyrir tónlistarfólk og tónleikastaði.

Aðrar aðgerðir sem stjórnvöld settu á laggirnar til handa fyrirtækjum og sjálfstætt starfandi einstaklingum, s.s. hlutabótaleiðin og lokunarstyrkir, hafa gagnast aðilum í tónlistariðnaði á mjög takmarkaðan hátt fyrir utan skemmtistaði sem gert var að loka í samkomubanninu og gátu fengið lokunarstyrki.

Þá brugðust samtök á borð við STEF við með sínum eigin aðgerðum, bæði gagnvart viðskiptavinum og meðlimum en meðal aðgerða voru staðlaðar fyrirframgreiðslur til tónhöfunda.

Verkefni á borð við Ferðagjöf, sem er 5.000 króna gjöf sem allir einstaklingar sem eru með lögheimili á Íslandi og eru fæddir 2002 og fyrr geta nýtt sér, nýtist þeim tónlistarviðburðum sem skráðir eru á síðu verkefnisins.<sup>14</sup>

## Tillögur

Ljóst er að þrátt fyrir góðan vilja og skjót viðbrögð stjórnvalda verði að finna leiðir til að bregðast betur við þeim miklu áhrifum sem COVID-19 hefur haft á tónlistariðnaðinn hér á landi. Þær áskoranir sem lýst er í skýrslunni liggja til grundvallar þeim tillögum sem hér eru lagðar fram og jafnframt var litið til annarra landa til að skoða hvaða aðgerðir þar hafa skilað árangri.

---

<sup>14</sup> <https://ferdagjof.island.is/>

# ÁSKORANIR

## TÖNLISTARFÖLK

- . Fjöldi tónlistarfólks starfar bæði sem launþegar og verktakar en slík samsett vinna getur einungis að hluta til verið nýtt í hlutabótaleið stjórnvalda.
- . Einyrkjar á eigin kennitölu geta ekki nýtt sér hlutabótaleiðina.
- . Tónlistarfólk er oft með sveiflukenndar tekjur og reiknar sér endurgjald einu sinni á ári sem hefur í för með sér synjun um bætur frá Vinnuálastofnun vegna vanskila á álagningu.
- . Verkefna- og launasjóðir ná eingöngu til hluta tónlistarfólks. Tónlistarsjóður styður fyrst og fremst við innlend verkefni og reynslan sýnir að fólk sem er komið aðeins áleiðis á sínum ferli gengur illa að fá veitt úr sjóðnum.
- . Stór verkefni í útflutningi tónlistar fá ekki óafturkræfan kostnað vegna aflýstra eða frestaðra tónleikaferðalaga bættan en þó er höggð af ferðabanninu mest fyrir verkefni sem stóla á erlenda markaði og tónleikaferðir erlendis.
- . Færri tækifæri eru í boði fyrir lifandi tónlistarflutning erlendis og mikil samkeppni, það hefur leitt til þess að lægri greiðslur eru í boði fyrir lifandi tónlistarflutning í kjölfar COVID-19. Utlit er fyrir að staðan erlendis muni haldast erfið þar til 2021 í fyrsta lagi.

## LIFANDI TÖNLISTARFLUTNINGUR

- . Hér á landi njóta tónleikastaðir ekki opinbers stuðnings þrátt fyrir að vera ein af grundvallarstoðum íslensks tónlistarlífs. Rekstur tónleikastaða er alla jafna viðkvæmur, sér í lagi á svona litlum markaði, þannig að höggð af COVID-19 var þeim einstaklega þungbært.
- . Mörgum tónlistarhátíðum var aflýst eða frestað vegna COVID-19 sem þýðir færri tækifæri fyrir tónlistarfólk að koma fram. Einnig er hætt á að hátíðum hér á landi fækki fái þær ekki aðstoð við að komast yfir erfiðasta hjallann. Fyrir hátíð eins og Iceland Airwaves sem að óbreyttu fer fram í haust eru rekstrarforsendur verulega breyttar vegna fækkunar erlendra gesta.
- . Rekstrargrundvöllur tónleikahaldara, tækjaleiga og sjálfstætt starfandi tæknifólks hvarf á einni nóttu. Þessir aðilar eiga þó ekki rétt á lokunarstyrk þrátt fyrir að falla undir öll skilyrði lokunarstyrkja að undanskilinni formlegri lokun vegna sóttvarnarreglna.
- . Líkt og tónlistarfólk eru sjálfstætt starfandi einstaklingar innan tónlistariðnaðarins í mörgum tilfellum með sveiflukenndar tekjur og reikna sér endurgjald einu sinni á ári. Þar að auki er samsett vinna einnig algeng. Þetta hefur áhrif á umsókn þeirra um atvinnuleysisbætur og takmarkar þau úrræði sem eru í boði fyrir þessa aðila.

## TÖNLISTARTENGD FYRIRTÆKI

- . Mikill samdráttur í tekjum í kjölfar samkomu- og ferðabanns og fjárstreymisvandi hefur áhrif á aðfangakeðjuna. Mörg fyrirtæki í tónlist falla ekki undir lokunarstyrki og önnur neyðaraðstoð vegna tekjufalls hefur ekki verið í boði.
- . Í kjölfar tilslakana á samkomubanni og opnun landamæra Íslands og einnig vegna þess hversu vel hefur tekist til að ráða niðurlögum COVID-19 hér á landi gefast nú tækifæri til að markaðssetja sérkenni Íslands í tónlist, m.a. hljómplötuverslanir, tónlistarhátíðir og Ísland sem upptökuland. Mikilvægt er að nýta þau tækifæri.
- . Mikið um aflýstar bókanir og óvissa með framhald á tónleikahaldi á Íslandi en ekki síður erlendis. Lægri verð í boði fyrir lifandi tónlistarflutning en fyrir samkomubann. Skilar sér í lægri tekjum til umboðs- og bókanarfyrirtækja.
- . Tónlistariðnaðurinn á Íslandi er í hraðri þróun en þó skammt á veg kominn. Fyrirtæki í umsýslu tónlistarverkefna eru fá og takmarkaður stuðningur er í boði fyrir þau. Óflugt stuðningsumhverfi fyrir þessa gerð af fyrirtækjum er grundvöllurinn fyrir að hægt sé að byggja upp þróaðan tónlistariðnað á Íslandi.

Í kjölfarið á greiningu áskorana voru tillögur mótaðar sem talið er að muni hafa sem mest áhrif til stuðnings iðnaðinum. Tillögnum er skipt upp í **neyðaraðstoð**, sem er hugsuð sem viðbrögð við beinum áhrifum COVID-19 og snýr að mestu leyti að opinberri aðstoð, **styðjandi aðgerðir**, sem eru aðgerðir til að styrkja tónlistariðnaðinn á viðkvæmum tímum og eru samspil aðgerða hins opinbera og samtaka innan tónlistariðnaðarins og að lokum **aðgerðir innviða**, sem innihalda tillögur um aðgerðir sem tónlistariðnaðurinn sjálfur þyrfti að ráðast í.

# AÐGERÐIR

## NEYÐARAÐSTOÐ

- . Atvinnuleysis og hlutabætur
- . Úrræði vegna tekjumissis
- . Stuðningur við tónleikahald innanlands

## STYÐJANDI AÐGERÐIR

- . Rekstrarráðgjöf og stuðningur við nýsköpun
- . Endurskoðun sjóða og listmannalauna
- . Markaðsherferðir Íslandsstofu og Reykjavíkurborgar
- . Stuðningur við markaðsverkefni

## AÐGERÐIR INNVIÐA

- . Aukin samvinna í íslenskum tónlistariðnaði
- . Fræðsla fyrir tónlistarfólk og fyrirtæki

## Neyðaraðstoð



### Atvinnuleysis- og hlutabætur

#### Samsett vinna

Taka þarf betra tillit til samsettrar vinnu í lögum um atvinnuleysisbætur og hlutabætur. Sem stendur er ekki hægt að vera með tvær umsóknir í gangi hjá Vinnumálastofnunar vegna tæknilegra vandamála.

#### Sjálfstætt starfandi

Það þarf að gera sjálfstætt starfandi á eigin kennitölu kleift að halda áfram rekstri þrátt fyrir að hlutabótaleiðin eða atvinnuleysisbætur séu nýttar.

Áherslan á Íslandi þegar kemur að aðgerðum til að veita upp á móti tekjutapi einstaklinga hefur að miklu leyti verið á úrræði sem fara í gegnum Vinnumálastofnun. Þetta hefur haft í för með sér mikið álag á stofnunina og í mörgum tilfellum langan úrlausnatíma umsókna. Í Danmörku var sú leið farin að búinn var til sérstakur bótapakki fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga, þar með talið listafólk. Bæturnar eru í boði fyrir þá aðila sem voru að lágmarki með 15.000 DKK (u.þ.b. 300.000 ISK) á mánuði í meðaltekjur árið 2019. Aðilar sem síá fram á að lágmarki 30% tekjutap geta fengið tímabundnar bætur sem nema 75% af tekjutapinu, að hámarki 23.000 DKK á mánuði (u.þ.b. 470.000 ISK). Krafa er gerð um að tekjur þeirra sem fá bæturnar mega ekki nema meira en 800.000 DKK (u.þ.b. 16,3 milljónir ISK) á árinu 2020<sup>15</sup>.

Mælt er með að líta til dönsku leiðarinnar.

---

<sup>15</sup> <https://em.dk/nyhedsarkiv/2020/marts/covid-19-regeringen-vil-hjaelpe-corona-ramte-freelancere-og-kunstnere/>



Önnur lönd og borgir hafa einnig boðið upp á sérhæfða aðstoð fyrir listafólk, þar á meðal hefur Hamborg boðið upp á eingreiðslu fyrir upphæð 2.000 EUR.

## Úrræði vegna tekjumissis



### Bætur vegna fastra útgjalda

Huga þarf að úrræðum fyrir einstaklinga og fyrirtæki í rekstri sem hafa orðið fyrir verulegum tekjumissi. Lagt er til að settur verði á laggirnar sérstakur neyðarsjóður sem hægt er að sækja um í fyrir rekstrarkostnaði og öðrum sokknum kostnaði fyrir þá aðila innan tónlistariðnaðarins sem falla ekki undir lokunarstyrki en urðu fyrir miklum tekjumissi, meðal annars út af lokunum, í kjölfar COVID-19. Þetta eru fyrirtæki á borð við tækjaleigur, tónleikahaldara, tónlistarhátíðir, umboðsfyrirtæki og ekki síst tónlistarfólk.

Líta má til þess að í danska bótaþakkanum fyrir sjálfstætt starfandi og menningartengd fyrirtæki voru einnig bætur vegna fastra útgjalda, þar á meðal vegna húsaleigu, vaxtagjalda og fleira. Bæturnar í Danmörku fara eftir hlutfalli tekjutaps á tímabilinu og ná yfir frá 25-80% af tekjutapinu, að hámarki 60m DKK (u.þ.b. 1,2 ma ISK) fyrir hvert fyrirtæki.<sup>16</sup>

Í Kanada var aukafjármagn lagt í sjóð að nafni Envelope Funding for Music Companies sem hefur það að markmiði að styðja við þróun kanadísks tónlistarfólks, tónlistar þeirra og starfsframa. Aukaúthlutunin styður sérstaklega við tónlistartengd fyrirtæki sem hafa verið í rekstri í þrjú eða fleiri ár. Stuðningurinn er í formi styrks sem

---

<sup>16</sup> <https://em.dk/nyhedsarkiv/2020/marts/covid-19-regeringen-vil-hjaelpe-corona-ramte-freelancere-og-kunstnere/>

er að upphæð 75% áætlaðs kostnaðar miðað við veltu fyrirtækisins síðustu þrjú ár á undan, að hámarki 650.000 EUR fyrir hvert fyrirtæki<sup>17</sup>.

Einnig er hægt að líta til Þýskalands en þar var farið þá leið að bjóða beinan stuðning við einyrkja og lítil fyrirtæki að upphæð 50 milljarða EUR. Beingreiðslurnar eru í formi styrkja fyrir rekstrarkostnaði í þrjá mánuði og eru upphæðirnar á bilinu 9.000-15.000 EUR fyrir hvert fyrirtæki.

### Töpuð höfundarréttargjöld



Skoða þarf að bæta tap tónhöfunda á höfundarréttargjöldum frá STEFi vegna aflýstra tónleika og lækkun á tekjum vegna bakgrunnstónlistar sem er afleiðing þess að verslanir og þjónustuaðilar lokuðu. Líóst er að aðrir tekjustofnar tónhöfunda munu einnig lækka nokkuð. Hér er oft um að ræða umfangsmikinn hluta tekna höfunda.

Hægt er að líta til þeirrar leiðar sem farin var í Danmörku, en þar var samningur gerður á milli danska ríkisins og höfundarréttarsamtakanna Koda um að Koda sæi um útreikning á umfangi á tapi höfundarréttargjalda vegna COVID-19 og þann útreikning geta meðlimir þeirra notað til að sækja um bætur vegna tekjutaps sem nefndar voru hér fyrir ofan. Endanlegt uppgjör sem tæki tillit til heildar tekjutaps færi síðan fram síðar.

Sambærilegar aðgerðir þyrftu að vera í boði fyrir flytjendur og framleiðendur tónlistar sem einnig verða fyrir tekjuskerðingu vegna bakgrunnstónlistar. Þar getur SFH sem sér um að rukka þau gjöld séð um útreikning á tapi í samstarfi við stjórnvöld.

---

<sup>17</sup>[https://factorportalprod.blob.core.windows.net/portal/Documents/Envelope%20Funding/FACTOR\\_Envelope\\_Funding\\_for\\_Music\\_Companies\\_Program\\_Guidelines.pdf](https://factorportalprod.blob.core.windows.net/portal/Documents/Envelope%20Funding/FACTOR_Envelope_Funding_for_Music_Companies_Program_Guidelines.pdf)

## Stuðningur við tónleikahald innanlands



### Tónleikastaðir

Ein af grundvallar stoðum öflugs tónlistarlífs er vettvangur lifandi tónlistarflutnings, tónleikastaðirnir. Mikilvægt er að hér á landi séu til margskonar tónleikastaðir sem sinna ólíkum tónlistarstefnum og tónlistarfólki sem er að stíga sín fyrstu spor sem og þeim sem eru lengra komnir. Tónleikastaðir á Íslandi njóta ekki opinbers stuðnings en menningarlegt hlutverk þeirra er engu að síður ákaflega mikilvægt, og það á jafnt við um litla staði sem og þá stærri. Rétt eins og leiklistin á sitt heimili í Þjóðleikhúsinu, Borgarleikhúsinu og Tjarnarbíó, þarf tónlistin sitt heimili þar sem tónlistarfólk fær tækifæri til að blómstra.

Lifandi tónlistarflutningur og þeir aðilar tónlistarlífsins sem sinna honum urðu hvað verst fyrir barðinu á COVID-19. Í mörgum löndum hafa stjórnvöld komið þessum aðilum til bjargar með rausnarlegri neyðaraðstoð. Í Þýskalandi var á dögnum kynntur stærsti aðgerðarpakki til örvunar efnahagslífsins í sögu landsins og þar er 150m EUR varið í stuðning við tónleikastaði, tónlistarhátíðir, tónleikahaldara- og bókara. Ennfremur er 450m EUR varið í stuðning við enduopnun menningarlegra stofnanna sem ekki njóta opinbers stuðnings og nýtast styrkir til verkefna á sviði heilbrigðismála, t.a.m. til kaupa og uppsetningar á nýju loftræstikerfi og til að koma á pappírslausri miðasölu.<sup>18</sup> Í Hamborg var 25m EUR (tæpum 4 milljörðum ISK) veitt í neyðaraðstoð til menningarstofnana svo sem tónleikastaða, klúbba og sjálfstæðra leikhúsa<sup>19</sup> og í Toronto geta tónleikastaðir fengið 50% lækkun fasteignagjalda að uppfylltum ákveðnum skilyrðum<sup>20</sup>. Hér á landi leigja margir tónleikastaðir húsnæði undir rekstur sinn þótt einhver dæmi séu um að rekstraraðilar tónleikastaðar séu

---

<sup>18</sup> <https://www.iq-mag.net/2020/06/neustart-kultur-germany-pledges-150m-live-music/#.XvIB2ij7TIV>

<sup>19</sup> <https://www.culturalpolicies.net/covid-19/country-reports/germany/>

<sup>20</sup> <https://nowtoronto.com/music/toronto-lowers-property-taxes-music-venues/>

einnig eigendur fasteignarinnar. Hér mætti því sjá fyrir sér bæði lækkun fasteignagjalda og leigustuðning.

Einnig er mikilvægt að skoða hugmyndir sjálfstæðra tónleikastaða um stuðning við dagskrárgerð, ekki einungis í kjölfar COVID-19 heldur til frambúðar. Taka þarf menningarlegt hlutverk tónleikastaða alvarlega og öflugur stuðningur við dagskrárgerð staðanna er góð leið til þess. Leggjast þarf yfir hvernig slíkt yrði útfært af hálfu ríkis og jafnvel sveitarfélaga. Stuðningur ríkis er mikilvægur fyrir uppbyggingu öflugra tónleikastaða um land allt sem skapar tækifæri fyrir tónlistarfólk, íslenskt sem erlent, að ferðast um landið og spila en hingað til hefur verið úr fáum stöðum að velja og ekki er aðstaða alltaf til fyrirmyndar. Í Danmörku er verkefni sem kallast „Regionale spillesteder“ þar sem tónleikastaðir geta sótt um stuðning til fjögurra ára í senn til að sinna tónleikahaldi á sínu svæði. Staðirnir þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði en fá á móti öflugan stuðning til tónleikahalds.<sup>21</sup> Til að styðja enn frekar við slíkt framtak mætti sjá fyrir sér öflugri stuðning og jafnvel útvíkkun á verkefni FÍH, Land- og loftbrú, sem veitir félagsfólki FÍH stuðning við tónleikahald innanlands.<sup>22</sup> Ef ríki og sveitarfélög styddu rausnarlega við þetta verkefni og öllu tónlistarfólki væri gert kleift að sækja um stuðning, samhliða öflugum stuðningi við tónleikastaði um land allt, yrði það mikil lyftistöng fyrir íslenskt tónlistarlíf. Jafnvel mætti skoða óbeinan stuðning frá ríkinu við slíkt framtak í formi ókeypis auglýsingabirtinga á miðlum Ríkisútvarpsins.

Hvað sveitarfélög varðar, og þá sérstaklega Reykjavík þar sem flesta tónleikastaði er að finna, er mikilvægt að bregðast hratt við áhrifum COVID-19 á tónleikastaði og skoða útfærslu á stuðningi við dagskrárgerð þeirra. Þar mætti sjá fyrir sér sérstaka samstarfssamninga sem veittir eru í tiltekinn tíma til ákveðins fjölda tónleikastaða sem sinna ólíkum tónlistarstefnum. Mengi hefur t.a.m. verið með slíkan samning við

---

<sup>21</sup> <https://slks.dk/regionale-spillesteder/>

<sup>22</sup> <http://fih.is/tilkynningar/2018/09/land-og-loftbru-fih-ferdastykir/>

Reykjavíkurborg sem hefur reynst staðnum ákaflega vel á þessum óvissutímum. Slíkt verkefni gæti jafnvel tekið við af átaksverkefninu Úrbótasjóður tónleikastaða í Reykjavík.

## Tónlistarhátíðir

Áhrif COVID-19 á íslenskar tónlistarhátíðir og aðrar hátíðir sem eru vettvangur fyrir lifandi tónlistarflutning eru óumdeilanleg, það sést best á því hversu mörgum hátíðum hefur verið aflýst í ár. Það getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir hátíðir að missa út eitt ár og ekki er ólíklegt að það verði erfitt að koma hátíðunum aftur af stað á næsta ári þrátt fyrir að heimsfaraldurinn verði vonandi yfirstaðinn. Stórar hátíðir sem sérhæfa sig í ákveðnum tónlistarstefnum og laða til sín fagfólk í alþjóðlegum tónlistariðnaði eru sérstaklega mikilvægar sem stökkpallur fyrir íslenskt tónlistarlíf sem og aðrar minni hátíðir sem hafa mikil tækifæri til að vaxtar. Það er mikilvægt að yfirvöld taki beiðnum frá skipuleggjendum þessara hátíða um aukinn stuðning á erfiðum tímum alvarlega því eins og stuðningsumhverfi íslenska tónlistariðnaðarins er háttáð er ekki líklegt að þær geti fengið neinn stuðning sem telur sem neyðaraðstoð úr sjóðakerfinu. Það þarf að meta hverja hátíð fyrir sig og mikilvægi hennar fyrir íslenskt tónlistarlíf og oft geta markmið hátíðanna og ríkis og sveitarfélaga vel farið saman, t.a.m. hvað varðar markaðssetningu á áfangastöðum þannig að aukin aðstoð getur einnig falist í aukinni samvinnu og stuðningi við sértæk verkefni. Varðandi stuðning við íslenskrar tónlistarhátíðir er lagt til að litið verði til Þýskalands þar sem tónlistarhátíðir, fá ásamt tónleikastöðum, tónleikahöldurum og bókum 150m EUR í neyðarstuðning eins og fram hefur komið.

## Styðjandi aðgerðir



### Rekstrarráðgjöf og stuðningur við nýsköpun

Lítil fyrirtæki og einyrkjar mynda stærstan hluta tónlistariðnaðarins á Íslandi. Tónlistariðnaðurinn hérlendis sem og á heimsvísu einkennist af hröðum breytingum og því er mikilvægt fyrir fyrirtæki að halda í við breytta tíma. Þekking á rekstri og nýjum tekjumódelum í tónlist hefur verið af skornum skammti hér á landi og þar er tækifæri til umbóta. Lagt er til að settur verði á fót sjóður sem lítil fyrirtæki geti sótt um í fyrir tímabundinni rekstrarráðgjöf. Dæmi er um slíkt í nágrannalöndum okkar. Sem dæmi má nefna að í Finnlandi voru settar 700m EUR í viðskiptaþróunaraðstoð fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki sem hafa orðið fyrir áhrifum af COVID-19. Markmið aðgerðanna var að vinna gegn áhrifum ástandsins á markaði og virðiskeðjur fyrirtækja. Aðstoðin er sérstaklega ætluð fyrirtækjum innan m.a. skapandi greina og ferðaþjónustu. Þar að auki má líta til Þýskalands þar sem ákveðið var að styðja við viðskiptaþróun og rekstrarhæfni fyrirtækja með því að stofnaður var hvatningasjóður sem hægt er að sækja í fyrir ráðgjafþjónustu til fyrirtækja og nema styrkirnir allt að 4.000 EUR fyrir hvert fyrirtæki.

Stuðningur við frumkvöðlastarfsemi og nýsköpun innan tónlistariðnaðarins er einnig mikilvæg. Aðgengi að ráðgjöf og sprotafé skiptir þar miklu máli en einnig er mikilvægt að hlúa að verkefnum sem sinna þessu hlutverki. Tryggja þarf framhald verkefna á borð við tónlistarhraðalinn Firestarter sem keyrður var í fyrsta sinn haustið 2019 með góðum árangri. Slík verkefni þurfa á framlagi að halda frá ríki og borg meðfram framlagi frá styrktaraðili og samtökum innan tónlistar.



Tónlist er atvinnuvegur og fjöldi tónlistarfólks hefur sitt lífsviðurværi af tónlist. Tónlistarfólk sem starfar innan tónlistar lifir í sama hagkerfi og aðrir Íslendingar og búa við sama verðlag. Tekjur tónlistarfólks eru sveiflukennar og líkt og í öðrum listgreinum er stór hluti framleiðslunnar í formi nýsköpunar. Þegar kemur að nýsköpun er markaðurinn oft hægari að taka við sér og því er þörf fyrir opinberan stuðning sem skilar sér í sterkari iðnaði til lengri tíma litið. Styrkir innan tónlistar hafa lengi verið lágir en algengt er að styrkir til verkefna hlaupi á nokkur hundruð þúsund krónum á meðan verkefnastyrkir til leikhópa sem dæmi hlaupa á milljónum.

Ljóst er að lágir styrkir duga skammt til að standa undir launakostnaði enda er algengast að styrkir séu notaðir til að standa undir broti af kostnaði á meðan tónlistarfólkið sem leiðir verkefnin sinnir öðrum, oft ótengdum, störfum til hliðar til að standa undir eigin rekstri. Líkja mætti þessu við að leikhúsin okkar fengju einungis styrki sem myndu standa undir litlum hluta þess að þróa verkefni en gætu á engan hátt staðið undir kostnaði við húsnæði eða laun. Í því dæmi þyrftu leikstjóri, leikarar og stjórnendur leikhússins sem kæmu að verkefnunum að finna sér aðra dagvinnu til að standa undir eigin launakostnaði auk þess sem finna þyrfti fjármagn fyrir rekstri húsnæðisins.

Það er ljóst að tónlistarfólk á Íslandi hefur langa reynslu af því að búa til mikið úr litlu. Örfá ná þeim árangri að verða þekkt um heim allan og byrja að fá tekjur í samræmi við það. Í flestum tilfellum hinsvegar venur fólk sig á að halda tekjum sínum í algjöru lágmarki til að nýsköpunarverkefni þeirra geti gengið upp. Þetta hefur mögulega ekki haft áhrif á sköpunargleðina, ef litið er á hið mikla framboð af hágæða tónlist sem kemur frá Íslandi, en hinsvegar hefur þetta haft þau áhrif að ekki hefur verið til peningur fyrir faglegum rekstri á tónlistarverkefnum og það hefur haft þær afleiðingar að iðnaðarhluti tónlistar hefur byggst upp hægt.

Fáir aðrir en tónlistarfólkið sjálf og tæknifólk hafa möguleika á því að skapa sér lífsviðurværi af tónlistarverkefnum og það hefur haft þær afleiðingar að þau verkefni sem ná miklum árangri hafa oftast en ekki þurft að leita út fyrir landsteinana að heppilegum aðilum til að sjá um utanumhald og rekstur verkefnanna vegna skorts á þekkingu og reynslu hér á landi. Á þessu eru þó undantekningar en þau stóru tónlistarverkefni sem rekin eru frá Íslandi hafa flest staðið frammi fyrir sömu áskorunum - að þegar verkefni byrjar að ná einhverju flugi á það ekki lengur upp á pallborðið hjá úthlutunarnefndum styrkjasjóða.

Þekktasta tónlistarfólk landsins á alþjóðavettvangi reiðir sig alfarið á tónlistina sem fyrirvinnu og þar eru tónleikaferðir og önnur tækifæri erlendis stór hluti af tekjunum. Líkt og sjá mátti á niðurstöðu úthlutunar úr Tónlistarsjóði Átaksverkefni ríkir ákveðið skilningsleysi á mikilvægi útflutningstækifæra fyrir tónlist sem atvinnugreinar og mikilvægi þess að styðja einnig við umfangsmikil tónlistarverkefni sem náð hafa góðri fótfestu á mörkuðum erlendis en eiga enn mikla vaxtamöguleika og hafa burði til að skapa fjölmörg atvinnutækifæri fyrir annað íslenskt tónlistar- og tæknifólk, en nokkur dæmi voru um að slík verkefni fengu höfnun á meðan mikill fjöldi smárra og staðbundinna verkefna voru tekin fram yfir.

Þetta þarf að endurskoða. Tónlist er atvinnuvegur og til að byggja megi upp sterkan tónlistariðnað þar sem tekjur af þessum glæsilegu útflutningsverkefnum sem hlotið hafa athygli um allan heim haldist í íslensku hagkerfi þarf að breyta uppsetningu og hugarfari tengdu verkefnasjóðum í tónlist. Til þess að svo megi verða þarf að leggja meira fjármagn í sjóðina og auka upphæðir sem úthlutað er í hvert verkefni.

Opna þarf möguleika tónlistartengdra fyrirtækja til að fá styrki úr tónlistartengdum sjóðum þannig að þessir sjóðir styðji betur við uppbyggingu á tónlistariðnaðinum og atvinnuuppbyggingu innan greinarinnar.



Mikilvægur hlekkur í stuðningi við listafólk á Íslandi eru starfslaun listamanna. Listamannalaun eru í boði fyrir sjálfstætt starfandi hönnuði, myndlistarmenn, rithöfunda, sviðslistafólk, tónlistarflytjendur og tónskáld. Skiptingin á milli þessara listgreina er samtals sem lengi hefur verið þörf á að eiga. Sjá má í töflunni hér fyrir neðan hvernig skiptingin var á milli greinanna í aukaúthlutun listamannalauna vegna COVID-19 sem var hugsuð sem sértækt úrræði fyrir listamenn. Þarna fá bókmenntir mun stærri úthlutun en tónlist og sviðslistir, en báðar síðarnefndu greinarnar upplifðu algjört hrun í lifandi viðburðahaldi, sem er meginstoð greinanna, í kjölfar heimsfaraldursins á sama tíma og bóksala á heimsvísu tók stökk.<sup>23</sup>

LISTGREINAR	STARFSLAUN (mánaðarlaun 407.413 kr.)	FJÖLDI MÁNDA ÚTHLUTAÐ
Hönnun	7,740,847	19
Myndlist	66,408,319	163
Bókmenntir	84,741,904	208
Sviðslistir	28,926,323	71
Tónlist*	56,630,407	139
Tónlistarflytjendur	27,704,084	68
Tónskáld	28,926,323	71
<b>Samtals</b>	<b>244,447,800 ISK-</b>	<b>600</b>

\*úthlutanir starfslauna til tónlistar skiptast í úthlutanir til flytjenda annars vegar og tónskálda hins vegar.

Það þarf að endurskoða þessa skiptingu á milli greina út frá umfangi greinanna og áhrifum COVID-19. Sé of seint að breyta núverandi úthlutun er lögð til aukaúthlutun sem tekur tillit til þessara þátta. Auk þess er lagt til að samtals verði tekið við hinar mismunandi greinar um að uppfæra skiptinguna á milli greina til framtíðar þannig að listamannalaunin styðji sem best við greinarnar og á sanngjarnan hátt.

<sup>23</sup> <https://www.weforum.org/agenda/2020/04/coronavirus-escapism-book-sales-surge-covid-19/>

## Hljóðritasjóður

Þegar Hljóðritasjóður var settur á stofn stóð til að hann myndi nema 99 milljónum árlega frá og með sínu þriðja starfsári. Nú, fjórum eftir að sjóðurinn var settur á laggirnar, hefur hann enn aðeins 40 milljónir til umráða árlega. Mikilvægt er að hækka framlagið í sjóðinn, þar sem nú er tíminn til að sinna tónsköpun og hljóðritun.

Hljóðritasjóður styður við hljóðritunarverkefni og er helsti sjóðurinn sem tónlistarfólk sækir í fyrir sköpun sinni. Ákveðið var að aukaframlagið sem átti að koma til móts við tónlistarfólk í apríl síðastliðnum yrði sett í Tónlistarsjóð en þá var reglum einnig breytt tímabundið til að hægt væri að sækja um fyrir hljóðritunarverkefnum, en almennt er ekki hægt að sækja um fyrir þeirri gerð verkefna í Tónlistarsjóð og því var um undantekningu að ræða. Eðlilegra hefði verið að hækkun á framlögum vegna hljóðritunarverkefna hefði farið í gegnum Hljóðritasjóð þar sem fyrir er sérþekking á slíkum verkefnum.

Í þessu samhengi má bæta við að þær upphæðir sem veittar eru í styrki úr sjóðum tengdum tónlist eru mjög lágar. Algengast er að upphæðirnar séu frá 100.000 kr. upp í 1m kr. og af þeim upphæðum eru greiddir tekjuskattar. Í síðustu úthlutun Tónlistarsjóðs var algengasta upphæðin sem úthlutað var 400.000 kr fyrir verkefni og hæsta upphæðin var 800.000 kr. Augljóst er að þær upphæðir ná ekki langt þegar kemur að kostnaði við tónlistarverkefni, hvað þá launakostnaði. Sem dæmi má nefna að viðmiðunarfjárhæð Ríkisskattstjóra fyrir reiknað endurgjald í flokki C(6) sem nær meðal annars yfir listamenn er 543.000 kr. á mánuði.

Á umsóknareyðublaði vegna átaksverkefna Tónlistarsjóðs var m.a. spurt um fjölda starfa sem verkefnið skapi og hvert samfélagslegt gildi verkefnisins og mikilvægi fyrir landsmenn væri. Það eru ekki margar starfsgreinar sem geta skapað mörg störf fyrir 400.000 krónur en reynslan hefur sýnt að það getur tónlistarfólk gert, þessi störf eru þó sjaldnast launuð svo einhverri upphæð nemi. Það eru því augljóslega miklar væntingar sem gerðar eru til tónlistarfólks á Íslandi að búa til mikið úr litlu. Í góðu

árferði skapar þetta áskoranir fyrir tónlistarfólk en í algjöru hruni eins og því sem tónlistariðnaðurinn er að upplifa þessa dagana verður einhver líflína að koma á móti og því hlutverki getur aukið framlag og hærri styrkupp hæðir í Hljóðritasjóð sinn.

## Útflutningssjóður íslenskrar tónlistar

Í ár var lagt til 5 milljón króna aukaframlag frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu í Útflutningssjóð íslenskrar tónlistar, en það gildir eingöngu nú í ár. Rétt er að geta þess að þetta kom til áður en heimsfaraldurinn skall á. Þá komu til viðbótar í sjóðinn 3 milljónir króna frá aðildarfélögum tónlistar sem áður voru með framlög í Reykjavík Loftbrú.

Útflutningssjóðurinn var stofnaður árið 2013 og er að jafnaði með 20 milljón krónur á ári í framlög. Þeirri upphæð er deilt út í formi ferðastyrkja sem útdelt er mánaðarlega svo og markaðsstyrkja sem útdelt er fjórum sinnum á ári. Ferðastyrkir eru að upphæð 50.000 kr á mann eða allt að 400.000 kr á hvert verkefni eftir því hversu marga þátttakendur um er að ræða. Markaðsstyrkir eru ætlaðir fyrir stærri markaðsherferðir fyrir íslenska tónlist erlendis og er hægt að fá úthlutað 500.000 kr og 1.000.000 kr. Veittir eru 3-4 markaðsstyrkir fjórum sinnum á ári.

Reykjavík Loftbrú bauð árið 2018 upp á stærri ferðastyrki fyrir umfangsmikil tónlistarferðalög. Sjóðurinn var fjármagnaður af Ícelandair, Reykjavíkurborg svo og aðildarfélögum tónlistar. Sjóðurinn var lagður niður árið 2019, enda höfðu forsendur þá breyst fyrir tilveru hans með auknum fjölda flugfélaga sem þá flaug til landsins. Síðan þá hafa ekki verið í boði neinar stærri ferðastyrkir fyrir umfangsmikil verkefni. Skipuleggjendur stærri tónleikaferðalaga um fjölda landa með tilheyrandi umfangi geta einungis sótt um í Útflutningssjóð fyrir sömu upphæð (50.000 kr á mann) og

önnur verkefni. Líóst er að slíkt hrekkur mjög skammt þegar um er að ræða stærri tónleikaferðir.

Í kjölfar COVID-19 hefur fjölmargt íslenskt tónlistarfólk þurft að fresta tónleikaferðalögum með tilheyrandi kostnaði og tekjumissi. Aukið framlag í Útflutningssjóð, t.d. með áframhaldandi aukaframlagi árið 2021 myndi gera sjóðnum kleift að bjóða upp á hærra styrki fyrir stærri verkefni. Þetta er ekki síst mikilvægt nú þegar íslenskt tónlistarfólk hefur þurft að fresta umfangsmiklum tónleikaferðalögum og mun vera með mikinn kostnað á bakinu þegar farið verður af stað aftur.

## Markaðsherferðir Íslandsstofu og Reykjavíkurborgar



Ríkisstjórnin hefur gefið út að lagður verður 1,5 milljarður króna í kynningarátak á Íslandi sem viðkomustað ferðamanna. Þetta verður stórt verkefni og líkur eru á að það muni hafa talsverð jákvæð áhrif á ferðamannastraum til landsins. Á sama tíma er Reykjavíkurborg einnig að fara í kynningarátak, héraendis sem erlendis.

Í þessu ljósi er mikilvægt að munað sé eftir listum og menningu þegar kynningaráherslur eru ákveðnar. Lagt er til að samstarf sé haft við tónlistariðnaðinn um framkvæmd markaðsátakanna enda er menningarferðamennska tengd tónlist talsverð á Íslandi og miklir vaxtarmöguleikar henni tengdir. Á Íslandi er mikið framboð af hágæða tónlistarhátíðum og tónlistarviðburðum, rík tónlistarfleifð sem laðar ferðamenn til landsins og úrval af hljóðverum og tónlistarfólki á heimsmælikvarða sem erlent tónlistarfólk getur haft aðgang að. Það er því af nógu að taka af efni sem nýta má í kynningarátak.

## Stuðningur við markaðsverkefni



### Áframhald Record in Iceland

Kynningarverkefnið Record in Iceland sem hefur það að markmiði að kynna Ísland sem ákjósanlegan stað fyrir hljóðupptökur fór mjög vel af stað sitt fyrsta starfsár. Verkefnið var sett af stað til að kynna endurgreiðslur hljóðritunarkostnaðar en lög höfðu verið sett um 25% endurgreiðslu á hljóðritunarkostnaði. Aukning hefur orðið í umsóknum um endurgreiðslur og fjöldi stórra erlendra upptökuverkefna hafa komið til landsins. Augu Hollywood beinast nú í auknum mæli að Íslandi hvað varðar upptökur á kvikmyndatónlist og fjöldi erlends tónlistarfólks er að undirbúa upptökur á landinu. Record in Iceland verkefnið er fjármagnað af Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og náði samningurinn við ÚTÓN um framkvæmd verkefnisins til loka árs 2020. Mikilvægt er að verkefnið fái áframhaldandi fjármögnun.

Skoða ætti endurgreiðsluhlutfallið en í þessu sambandi er rétt að benda á að núverandi endurgreiðsluhlutfall sem er nokkurn veginn jafngilt virðisaukaskattinum, er ekki nægur hvati fyrir iðnað sem einkennist oft af vinnu- og vöruskiptum, sérstaklega í ljósi vinnunnar við að sækja um. Er þetta í samræmi við það sem SÍK hefur óskað eftir hvað varðar endurgreiðslur vegna kvikmyndaframleiðslu.

Einnig eru lagðar til smærri breytingar er varða endurskoðun á reglum sjóðsins hvað varðar lágmark tímallengdar efnis sem er hljóðritað og endurgreiðslur vegna eigin launa umsækjenda. Einungis er hægt að sækja um endurgreiðslu fyrir verk sem eru 30 mínútur að lengd en til að ná þeirri lengd þarf útgáfan að innihalda 10-12 lög og í dag er algengara að tónlistarfólk gefi út stök lög og smáskífur. Breyting á þann veg að lágmarkið væri lækkað í 20 mínútur af efni myndi vera mjög til bóta. Í dag er miðað við að hægt sé að sækja um endurgreiðslu á eigin launum sem nemur einum listamannalaunum. Eðlilegra væri að miða við lágmark Ríkisskattsstjóra um reiknað endurgjald listamanna sem er nokkuð hærra en listamannalaunin. Þar að auki eru

engin rök til þess að takmarka umsóknir að þessu leyti við ein mánaðarlaun, ef gögn sýna að um var að ræða vinnu sem tók lengri tíma en einn mánuð.

## Markaðsátak fyrir plötuverlanir og tónleikastaði

Undirbúningur er hafinn af hálfu Tónlistarborgarinnar Reykjavíkur, í samstarfi við plötuverlanir í borginni, á markaðsátaki. Átakinu er ætlað að kynna þær heimsklassa plötuverlanir sem Reykjavík státar af og því mikilvæga hlutverki sem þær leika í íslensku tónlistarlífi. Margar þeirra tóku ríkan þátt í að koma Íslandi á kortið með útgáfu á verkum tónlistarfólks á borð við Björk og Sykurmolanna en þar að auki gegna þær mikilvægu samfélagslegu hlutverki sem upplýsingamiðstöð fyrir íslenskt tónlistarlíf. Til þeirra leita t.a.m. ferðamenn til að fá upplýsingar um íslenska tónlist, íslenska tónlistarsögu og viðburði.

Einnig er Tónlistarborgin Reykjavík í samstarfi við tónleikastaði, Iceland Airwaves og fleiri aðila að undirbúa markaðsátak fyrir tónleikastaði.

## Aðgerðir innviða

### Aukin samvinna í íslenskum tónlistariðnaði



Pótt hér á landi séu starfandi sterk fagfélög og hagsmunasamtök í tónlist vantar enn í félagaflóruna. Til að mynda eru ekki til formleg samtök tónleikahaldara og tónleikastaða en áhrif COVID-19 á tónleikahald hafa ýtt undir þörfina fyrir meiri samvinnu aðila sem sinna tónleikahaldi. Hingað til hefur verið til óformlegt bandalag tónleikahaldara, BÍT, en í kjölfarið á COVID-19 er nú unnið að formlegri stofnun bandalagsins. Mikilvægt er að tónleikastaðir auki einnig samvinnuna sín á milli og má sjá fyrir sér mikla samvinnu á milli þessara tveggja félaga. Í Reykjavík, í gegnum starf Tónlistarborgarinnar Reykjavíkur, hefur orðið til vísir að samstarfi tónleikastaða sem hefur þó ekki enn skilað sér í stofnun bandalags.

Að til séu formleg samtök allra mismunandi þátta tónlistarlífsins er mikilvægur liður í því að styrkja íslenskt tónlistarlíf, efla fagmennsku og hagsmunabaráttu. Hlutverk slíkra samtaka er að vinna að umbótum á starfsumhverfi, styðja við faglegt starf meðlima og koma að kynningarmálum greinarinnar. Meðal kynningarverkefna sem rætt hefur verið um af hálfu fólks í greininni er markaðsátak til að kynna verðmæti og mikilvægi lifandi tónlistarflutnings.

Rétt og eins og það er mikilvægt að til séu samtök fyrir allar meginstoðir íslensks tónlistarlífs er einnig mikilvægt að efla samvinnu á milli allra tónlistarfélaga- og samtaka. Eins og staðan er núna eru ekki til heildarsamtök í íslenskum tónlistariðnaði en á tímum sem þessum er skorturinn á slíku samstarfi, sem teflir fram öflugum talsmanni iðnaðarins sem getur talað fyrir hönd ólíkra þátta tónlistarlífsins, áþreifanlegur. Það er of flókið að ætla stjórnvöldum að tala við marga ólíka aðila og hættan er sú að ekki sé rætt við eða leitað ráða hjá réttum aðilum í mikilvægum málum.

Þessu til viðbótar þarf að skoða betur hvert tónlistarfólk og aðrir innan tónlistariðnaðar geti leitað til að fá ráðgjöf, stuðning og fræðslu á landsvísu. Hingað til hefur ÚTÓN að miklu leyti tekið þetta hlutverk að sér en huga þarf að því að ÚTÓN er lítil skrifstofa með þremur starfsmönnum hvers aðalhlutverk er að styðja við útflutning íslenskrar tónlistar. Skoða þarf betur hvar þessi verkefni eiga að liggja og upphafið af því er að koma á samtali innan tónlistariðnaðarins og á milli iðnaðarins og hins opinbera. Þegar er kominn vísir að þessu samtali og verður því samtali fylgt eftir.

## Fræðsla fyrir tónlistarfólk og fyrirtæki

Þekking er drifkraftur framfara. Höggið sem kom í kjölfar samkomubannsins á tónlistarfólk og þá sem starfa í tónlistariðnaði hefur sýnt að þörf er á betri fræðslu um fjármál og rekstur. Framboð á fræðsluefni og -verkefnum hefur aukist á síðustu árum og hafa samtök og verkefni á borð við FÍH, SFH, STEF, Tónlistarborgina Reykjavík og ÚTÓN lagt vinnu og fé í að svara þessu kalli. Meðal annars með umfangsmiklu samstarfsverkefni hvers afurðir verða sem dæmi fræðslumyndbönd undir nafninu Tónatal og hlaðvörp undir nafninu Bransakjaftæði. Verkefnið snýr að mestu að tónlistarfólkinu sjálfu en einnig er mikilvægt að bjóða upp á aukna fræðslu fyrir fyrirtæki og einstaklinga í rekstri.

Í haust er stefnt að því að bjóða upp á vinnustofu í erlendri markaðssetningu fyrir íslenskar tónlistarhátíðir. ÚTÓN og Íslandsstofa hafa leitt þann undirbúning en stefnt er að því að fá fleiri aðila að borðinu. Meðal annarra hugmynda sem hafa verið í umræðunni er að auka fræðslu um reiknað endurgjald og hvað þarf að hafa í huga í sjálfstæðum rekstri, með áherslu á sveiflukennndar tekjur.

Ljóst er að margt getur áunnist með góðri fræðslu og tækifærin eru mörg og munu samtök og verkefni innan tónlistariðnaðarins leggja sérstaka áherslu á að auka framboð á fræðslumöguleikum á næstu mánuðum.



*„Eftir bankahrunið 2008 voru ýmsar vangaveltur um hvað gæti orðið uppspretta tekna fyrir þjóðarbúið. Ýmislegt var rætt, meðal annars möguleikar skapandi greina. En svo fór ferðaþjónustan á flug og lítið gert í að auka fjölbreytni atvinnulífsins og draga úr áhættunni sem leiðir af einhæfu atvinnulífi.“<sup>24</sup>*

*-Sigrún Davíðsdóttir fréttamaður á RÚV*

---

<sup>24</sup> <https://www.ruv.is/frett/2020/05/07/skapandi-greinar-minni-ahaetta?fbclid=IwAR06ZcoYmhb9Ug4lj-7TxyHryERrVnHMb3PtgdRXQTXD9FccC7zZXylxHE>

## Lokaorð



Í stefnumörkuninni Ísland 2020, sókn fyrir atvinnulíf og samfélag, sem samþykkt var í ríkisstjórn 21. desember 2010, voru grunnþættir nýrrar atvinnustefnu settir fram. Þar kom fram að skapandi greinar væru á meðal þeirra greina, sem líklegastar væru til vaxtar og að vaxtargreinar ættu að njóta sérstaks stuðnings í rannsóknum og þróun, menntun og endurmenntun, fjárfestingu í innviðum og grunngerð samfélagsins og við markaðssetningu Íslands.<sup>25</sup>

Þessi umræða sem átti sér stað fyrir 10 árum á enn vel við og endurspeglast í umræðu annarra landa þar sem ríkuleg áhersla er lögð á að styðja við skapandi greinar. Hér á landi hefur margt gott verið gert í þessum málaflokki og má þá einkum nefna stuðning við nýsköpun og uppbyggingu þekkingariðnaðar en þó er líkt og þessi áhersla á skapandi greinar hafi ekki skilað sér í nægilegum stuðningi við listgreinar og að enn sé ekki fullur skilningur á tækifærunum sem eru fólgin í því að styðja við uppbyggingu þeirra sem atvinnugreina.

Þegar við göngum í gegnum erfiðleikatímabil fáum við oft skýrari mynd af samfélagsgerð okkar og það kemur berlega í ljós hvað virkar og hvað ekki. Þetta á svo sannarlega við um íslenskan tónlistariðnað á tímum COVID-19. Það er ljóst að íslenskt tónlistarlíf þarf á öflugum stuðningi að halda í kjölfar heimsfaraldursins og þó að þakka megí fyrir þær aðgerðir sem þegar hefur verið ráðist í er ljóst að þær duga skammt. Einkum má benda á að aðgerðum sem beinast að tónlistinni sem atvinnugrein er ábótavant og ákveðins skilningsleysis gætir á eðli, uppbyggingu og umgjörð greinarinnar af hálfu yfirvalda blasir við. Þess vegna er þessi skýrsla mikilvæg - hún varpar ljósi á aðstæður fólks sem starfar í íslenskum tónlistariðnaði og ekki síst þeirra sem starfa á bakvið tjöldin, við það að styðja við tónlistarfólkið okkar

---

<sup>25</sup> <https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti-media/media/skyrslur/island2020.pdf>

og búa til tækifærin. Þær tillögur sem lagðar eru fram í þessari skýrslu eru ákall um frekari neyðaraðstoð vegna áhrifa COVID-19 en einnig er teft fram tillögum sem felast í styðjandi aðgerðum sem segja má að séu aðgerðir sem hafi þegar verið orðnar aðkallandi en sem heimsfaraldurinn hafi varpað skýru ljósi á. Tónlistariðnaðurinn sjálfur er ekki undanskilin þátttöku í þeirri tiltekt sem nú þarf að eiga sér stað og þess vegna eru einnig settar fram tillögur að aðgerðum innviða sem felast fyrst og fremst í aukinni samvinnu og fræðslu og stuðningi við greinina.

Við þurfum opinbera stefnumótun í tónlist og meiri samvinnu í íslenskum tónlistariðnaði sem leiðir af sér aukna vitund almennings um mikilvægi lista og menningar. Fyrst og fremst þurfum við að líta á tónlistina, ekki bara sem listgrein, heldur sem atvinnugrein og það viðhorf þarf síðan að endurspeglast í stuðningi yfirvalda við greinina.